# BLAÐAMAÐURINN

*Desember 2023 • 1. tbl. • 45. árgangur*

FÉLAGSTÍÐINDI BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

FRÉTTIR OG TIKTOK | VERÐLAUN Í 20 ÁR | GERVIGREIND OG BLAÐAMENNSKA | BA-NÁM Í BLAÐAMENNSKU



# EFNI BLAÐSINS


3 Leiðari formanns

4 Starfsáætlun stjórnar BÍ

6 Fréttasvartholið TikTok

10 Þriðjungur fólks forðast fréttir

12 Grunnnám í blaðamennsku

14 Gervigreind í blaðamennsku

16 Blaðamannaverðlaunin 2022

18 Myndir ársins 2022

22 Blaðamannaverðlaunin í 20 ár

31 Þarf landsbyggðin ekki fréttir?

33 Umdeild vinnubrögð

36 Blaðamennskuhlaðvörp

37 Breyttar siðareglur

39 Úrskurðir siðanefndar

40 Félagaskrá BÍ



**Útgefandi**
Blaðamannafélag Íslands

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður**
Sigríður Dögg Auðunsdóttir (sigridurdogg@press.is)

**Umsjón útgáfu og prófarkalestur**
Auðunn Arnórsson (audunn@press.is)

**Útlitshönnun**
Unnur Jónsdóttir

**Umbrot og prentun**
Prentmet Oddi

**Skrifstofa Blaðamannafélagsins**
Síðumúla 23, 108 Reykjavík
Símar: 553 9155 / 553 9177
Netfang: bi@press.is
Vefur BÍ: www.press.is
Skrifstofan er opin alla virka daga kl. 9 –16

**Starfsmenn BÍ**
Hjálmar Jónsson framkvæmdastjóri
Farsími: 897 4098, hjalmar@press.is

Jóna Th. Viðarsdóttir skrifstofustjóri
jona@press.is

Sigríður Dögg Auðunsdóttir formaður félagsins
Farsími: 894 9050, sigridurdogg@press.is

**Forsíðumynd**
*Forsíðumyndina tók Vilhelm Gunnarsson ljósmyndari af eldgosinu í Sundhnúksgígum við Grindavík skömmu eftir að það hófst að kvöldi 18. desember.*

# VITUNDARHERFERÐ
## TIL EFLINGAR BLAÐAMENNSKU



**Sigríður Dögg Auðunsdóttir**
formaður BÍ

Vegið að tjáningarfrelsi, risagjaldþrot, hnignandi fjölmiðlafrelsi, vitundarherferð og kjaraviðræður.

Þegar þetta ár, 2023, er gert upp út frá sjónarhóli blaðamennsku og blaðamanna er því miður lítið tilefni til þess að gleðjast. Eitt stærsta fjölmiðlagjaldþrot síðari ára varð staðreynd og misstu hátt í hundrað manns lífsviðurværi sitt, þar af næstum fimmtíu félagsmenn í Blaðamannafélagi Íslands. Ísland hrapaði enn á lista Blaðamanna án landamæra um fjölmiðlafrelsi ríkja og situr nú í 18. sæti, og sker sig úr öðrum Norðurlöndum sem raðast í efstu sætin. Blaðamenn hafa þurft að standa í átökum við yfirvöld um ekki veigaminni réttindi en sjálft tjáningarfrelsið og hafa jafnframt margítrekað þurft að minna á mikilvægi fjölmiðlafrelsis í lýðræðissamfélagi. Fyrir rúmu ári heftu starfsmenn ISAVIA aðgengi fjölmiðla að vettvangi og hefur félagið farið fram á að lögregla, ISAVIA og dómsmálaráðherra bregðist við í samræmi við alvöru málsins og leitaði meðal annars til Umboðsmanns Alþingis. Félagið mótmælti einnig ákvörðun dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur að banna fréttaflutning úr dómsal af tilteknu máli í sjö vikur á meðan skýrslutökur fóru fram og telur hana stangast á við ákvæði um tjáningarfrelsi í stjórnarskrá og mannréttindasáttmála.

Þá kærði BÍ nýverið fyrirmæli lögreglustjórans á Suðurnesjum um takmörkun á aðgengi fjölmiðla að hættusvæði á Reykjanesskaganum og mótmælti ennfremur banni sem sett var á drónaflug. Þessu til viðbótar eru enn fimm blaðamenn með réttarstöðu sakbornings fyrir það eitt að vinna vinnuna sína og er haldið í fullkominni óvissu um framgang rannsóknar eða stöðu málsins. Slík meðferð gengur þvert gegn leiðbeiningum alþjóðastofnana á borð við Evrópuráðið sem til að mynda hafa lagt á það ríka áherslu á að gætt sé varkárni í rannsóknum sem snúi að blaðamönnum.

En hvers megum við vænta á árinu sem er að taka við? Getum við leyft okkur bjartsýni? Er eitthvað sem við sem stétt getum gert til þess að stuðla að því að blaðamenn og blaðamennska eigi auðveldara uppdráttar, fái meiri stuðning í samfélaginu og mikilvægi hennar verði metið að verðleikum? Stjórn BÍ hefur ákveðið að ráðast í herferð í byrjun nýs árs með það að markmiði að efla vitund um mikilvægi blaðamennsku og öflugra fjölmiðla meðal almennings, valdhafa og auglýsenda. Vonumst við til þess að þannig megi efla vitund um mikilvægi faglegrar blaðamennsku og nauðsyn þess að styrkja rekstrargrundvöll öflugra, frjálsra fjölmiðla. Vonumst við til að sem flestir félagar leggi herferðinni lið og taki höndum saman um að efla fagið og stéttina, auka samheldni og samvinnu, í þágu okkar allra. Framundan eru jafnframt krefjandi kjaraviðræður, því kjarasamningar renna út í lok janúar, og eitt meginmarkmið herferðarinnar er að skapa grundvöll fyrir sjónarmið félagsins um þörf fyrir bætt kjör blaðamanna, sem barist verður fyrir í komandi samningaviðræðum.

Sigríður Dögg Auðunsdóttir formaður

# STJÓRN BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

### Aðalstjórn
Sigríður Dögg Auðunsdóttir, RÚV, formaður
Aðalsteinn Kjartansson, Heimildinni, varaformaður
Stígur Helgason, RÚV, gjaldkeri
Lovísa Arnardóttir, ritari
Sólrún Lilja Ragnarsdóttir, Morgunblaðinu
Bára Huld Beck, Heimildinni
Kristín Ólafsdóttir, Sýn

### Varastjórn
Elísabet Inga Sigurðardóttir, Sýn
Ragna Gestsdóttir, DV
**Áheyrnarfulltrúar**
Vilhelm Gunnarsson, formaður Blaðaljósmyndarafélags Íslands
Tryggvi Aðalbjörnsson, formaður Félags fréttamanna á Ríkisútvarpinu

### Samningaráð
Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður BÍ
Aðalsteinn Kjartansson, varaformaður
Anna Lilja Þórisdóttir, RÚV
Lovísa Arnardóttir, Fréttablaðinu
Kristín Ólafsdóttir, Sýn
Arnar Þór Ingólfsson, Heimildinni
**Varamenn**
Freyr Rögnvaldsson, Heimildinni
Júlíus Þór Halldórsson, Viðskiptablaðinu
Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir, Birtingi

### Siðanefnd
Pálmi Jónasson, formaður
Fanney Birna Jónsdóttir, meðstjórnandi
Jóhann Óli Eiðsson, varaformaður
Fulltrúi útgefenda: Ásgeir Þór Árnason
Fulltrúi Siðfræðistofnunar: Emma Björg Eyjólfsdóttir
**Varamenn**
Valgerður Jóhannsdóttir
Sigríður Árnadóttir

### Dómnefnd Blaðamannaverðlauna
Helga Arnadóttir
Brynhildur Ólafsdóttir
Pálmi Jónasson
Sunna Kristín Hilmarsdóttir
Jóhann Óli Eiðsson

### Menningar- og orlofshúsasjóður
Guðmundur Bergkvist, RÚV
Elín Albertsdóttir
Guðmundur Sv. Hermannsson
**Varamaður**
Lillý Valgerður Pétursdóttir, Sýn

### Stjórn Styrktarsjóðs
Arndís Þorgeirsdóttir, formaður
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir
Þorsteinn Kr. Ásgrímsson Melen
**Varamenn**
Sunna Kristín Hilmarsdóttir
Hjálmar Jónsson
Baldur Guðmundsson

### Skoðunarmenn reikninga
Sigtryggur Sigtryggsson
Hörður Ægisson
**Varamaður**
Guðmundur Sv. Hermannsson

### Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum
**Morgunblaðið:** Sólrún Lilja Ragnarsdóttir
**DV:** Erla Dóra Magnúsdóttir
**Sýn:** Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir
**Birtingur:** Guðný Hrönn Antonsdóttir
**Viðskiptablaðið:** Guðjón Guðmundsson
**Heimildin:** Arnar Þór Ingólfsson
**RÚV:** Anna Lilja Þórisdóttir og Ragnar Santos
**Félag fréttamanna á RÚV:** Hallgrímur Indriðason

# BREYTTIR TÍMAR OG NÝJAR ÁHERSLUR

## Vitundarherferð, aukið faglegt starf, stefnumótun og styrktarsjóður í nýrri starfsáætlun stjórnar BÍ



**Sigríður Dögg Auðunsdóttir**
formaður BÍ skrifar

**Breyttir tímar í blaðamennsku og fjölmiðlun kalla á breytt verkefni félagsins. Erfiðar rekstraraðstæður á fjölmiðlamarkaði, dvínandi áhugi á fréttum og virðingarleysi stjórnvalda fyrir mikilvægi blaðamennsku kallar á nýjar áherslur.**

Þó svo að eitt helsta hlutverk félagsins sé enn sem áður að sinna hagsmunagæslu félagsmanna og að berjast fyrir bættum kjörum, hefur stjórn BÍ markað nýja stefnu sem sjá má merki í starfsáætlun stjórnar sem samþykkt var í maí og birt er í heild sinni hér að neðan. Eins og sjá má er þar lögð áhersla á að efla faglegt starf félagsins og faglega umræðu með ráðstefnuhaldi, málþingum og hlaðvarpi sem og að auka endur- og símenntun. Þá verður unnið að stefnumótun félagsins í samvinnu við félagsmenn og unnið markvisst að fjölgun félagsmanna. Ennfremur verður ráðist í átak til þess að efla vitund meðal almennings um mikilvægi fjölmiðla með það sem eitt af undirmarkmiðum að hvetja fólk til þess að gerast áskrifendur að íslenskum fréttamiðlum. Hluti herferðarinnar felst í tilraunaverkefni með fræðslu til ungmenna um blaðamennsku en rannsóknir sýna að æ færri ungmenni nota hefðbundna fréttamiðla til að afla sér frétta.

Til þess að fylgja þessum verkefnum úr hlaði hefur stjórn samþykkt að endurskoða skipulag á rekstri skrifstofu félagsins til þess að tryggja að þar megi finna nauðsynlega reynslu og þekkingu. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvernig nýju skipulagi verður háttað, en vonast er til að hægt verði að fjölga starfsfólki, ýmist tímabundið eða til frambúðar, og þannig auka þjónustu við félagsmenn og stuðning við stéttina.

**Starfsáætlun stjórnar 2023-2024**

- Framundan eru kjaraviðræður eftir að afturvirkir skammtímasamningar, sem gilda til loka janúar 2024, voru samþykktir í janúar. Stóra verkefni ársins verður því að gera nýja kjarasamninga og verður kröfugerð, sem unnin var fyrir núgildandi samninga, höfð að leiðarljósi í þeirri vinnu með teknu tilliti til breyttra aðstæðna.
- Sameina þarf kjarasamninga FF og BÍ og einnig að tryggja réttindi dagskrárgerðarfólks á RÚV í kjarasamningi BÍ.
- Skipulag á rekstri skrifstofu verður endurskoðað miðað við breyttar áherslur félagsins.
- Farið verður í stefnumótunarvinnu fyrir félagið í nánu samstarfi við félagsmenn.
- Vefur félagsins, press.is, verður uppfærður miðað við þarfagreiningu sem unnin verður.
- Rafræn skráning á úrskurðum siðanefndar verður bætt með það fyrir augum að gera þá aðgengilegri á vef félagsins.
- Stofnaður verður styrktarsjóður blaðamanna, sem verður í formi sjálfseignarstofnunar og rekinn af styrktarfé.
- Áfram verður unnið að öflugri hagsmunagæslu fyrir félagsmenn og stéttina í heild. Efna þarf til frekara samtals við helstu hagaðila, jafnt á sviði stjórnmálanna, innan stjórnsýslunnar sem og í einkageiranum og víðar í samfélaginu með það að markmiði að auka skilning á mikilvægi blaðamennsku og bágri stöðu fjölmiðla. Eitt meginverkefnið verður að fá stjórnvöld til að veita auknu fjármagni í stuðning til einkarekinna miðla og að fá þau til að grípa til frekari aðgerða til stuðnings fjölmiðlum.

- Stofnaður verður samráðsvettvangur fjölmiðla með það fyrir augum að efla slagkraft í baráttu fyrir sameiginlegum hagsmunamálum fjölmiðla og blaðamanna.
- Ráðist verður í herferð í haust til styrktar einkareknum fjölmiðlum þar sem markmiðið er m.a. að hvetja almenning til þess að gerast áskrifendur að fjölmiðlum. Herferðin mun einnig hafa það að markmiði að vekja almenning til vitundar um mikilvægi blaðamennsku í lýðræðissamfélagi. Haldið verður málþing í september til að hrinda herferðinni af stað.
- Hafinn verður undirbúningur að verkefni sem felst í fræðslu um blaðamennsku og fjölmiðlalæsi fyrir ungmenni (í 9. eða 10. bekk og/eða á fyrsta ári í framhaldsskóla).
- Félagið stuðli áfram að endur- og símenntun með öllum tiltækum ráðum, m.a. með þátttöku í ráðstefnuhaldi og með því að halda sérstök endurmenntunarnámskeið um tiltekin efni. Þá er til skoðunar að BÍ bjóði reglulega upp á nýliðanámskeið, í samvinnu við fjölmiðlana, fyrir þá blaðamenn sem eru að taka sín fyrstu skref í faginu. Einnig verði skoðað að framleiða sérstök fræðslumyndbönd um hin ýmsu efni tengd faginu, sem verða félagsmönnum aðgengileg á vef félagsins – t.a.m. sem liður í nýliðaþjálfun.
- Komið verði upp upptökuaðstöðu til hlaðvarpsgerðar sem félagsmenn geta nýtt sér endurgjaldslaust og hafin útgáfa á reglulegum hlaðvarpsþáttum til þess að miðla faglegri umræðu og fræðslu.
- Við höfum áhuga á að efla nám í blaðamennsku í grunnnámi á háskólastigi sem ekki er í boði í dag og munum hefja könnun á hentugum samstarfsaðila.
- Deild miðlunar og almannatengsla sem stofnuð var formlega á síðasta aðalfundi verður virkjuð. Markmiðið er að efla faglegt starf almannatengla og upplýsingafulltrúa, móta siðareglur almannatengla og efla innra starf félagsins gagnvart þeim sem sinna almannatengslum og miðlun.
- Félagið rækti samstarf á alþjóðavettvangi á vegum Evrópusambands blaðamanna EFJ og Norræns sambands blaðamanna NFJ og verði vakandi fyrir nýjum áherslum í alþjóðasamstarfi.
- Áfram verður unnið að bættu aðgengi blaðamanna að vettvangi og gögnum. Komið verður á reglulegum fundum með hagaðilum á borð við lögreglu, almannavarnir, dómskerfið, upplýsingafulltrúa hjá hinu opinbera o.fl.
- Lagfæringar verði gerðar á svæði félagsins í Heiðmörk og þar útbúin lágmarksaðstaða fyrir félagsmenn til útiveru.

*Samþykkt á stjórnarfundi 4. maí 2023*


# Blaðamannaklúbburinn
## – góður staður til funda- eða veisluhalda



Salur Blaðamannafélags Íslands, **Blaðamannaklúbburinn,** er glæsilegur salur sem hentar vel til hvers kyns funda- eða veisluhalda. Salurinn rúmar allt að 100 manns í sætum við borð og hægt er að skipta salnum í tvennt ef um minni viðburði er að ræða. Glæsilegt þjónustueldhús með öllu tilheyrandi fylgir salnum sem og snyrtiaðstaða.

Salurinn er á 3. hæð í Síðumúla 23 og í húsinu er lyfta.

Salurinn stendur félögum í Blaðamannafélaginu til boða gegn vægu gjaldi, en aðrir geta jafnframt tekið hann á leigu.

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Síðumúla 23 og í símum **553 9155** og **568 3155.**

# FRÉTTASVARTHOLIÐ
## TIKTOK



**Pálmi Jónasson**
blaðamaður skrifar

**Unga fólkið er á TikTok og sækir þangað upplýsingar en fyrst og fremst afþreyingu. Hefðbundnir fréttamiðlar hafa lengi átt örðugt með að ná til unga fólksins og hafa því reynt að gera það í gegnum samfélagsmiðla eins og TikTok.**

Í nýrri og viðamikilli könnun rannsóknafyrirtækisins Pew kemur fram að meðal notenda TikTok í Bandaríkjunum hefur hlutfall þeirra sem segjast nota TikTok til að fá fréttir tvöfaldast á einu ári, var 22 prósent í fyrra en er nú 43 prósent. Fréttamiðlar eru í samkeppni við TikTok og aðra samfélagsmiðla um athygli neytenda og ekki síst auglýsingafé. Þeir vilja ná til unga fólksins með nýjum leiðum. Í könnun Pew kemur fram að flestir fá fréttir í gegnum Facebook eða þrjátíu prósent. Fjórðungur fær fréttir í gegnum YouTube en Instagram mælist með 16 prósent og TikTok 14 prósent samkvæmt Pew.

### Afþreyingarmiðaður miðill

Fréttirnar finna þig ekki á TikTok er engu að síður yfirskriftin á úttekt á vefsíðu Niemanlab sem Nieman stofnunin við Harvard heldur úti um blaðamennsku. Fréttamiðlar eigi einfaldlega erfitt með að ná til unga fólksins á TikTok því miðillinn vinni markvisst gegn fréttaveitunum. Hlekkir sem fréttamiðlar láti fylgja fréttum séu fjarlægðir til að halda notendunum áfram á TikTok. Fréttir og fréttaveitur séu illa sýnilegar og merktar og lítið gert til að aðstoða notendur í að meta trúverðugleika frétta. Fjárhagslegir hvatar fyrir hefðbundna fréttamiðla séu að auki enn minni á TikTok en öðrum samfélagsmiðlum. Algóritminn á TikTok er einnig sagður fréttafjandsamlegur þótt bent sé á ákveðnar aðferðir sem fréttaveitur geti nýtt sér.

Niðurstaða nýrrar úttektar í tímaritinu New Media & Society er afgerandi. TikTok er fréttaeyðimörk, eins konar svarthol fyrir fréttir. Þeir segja að í áðurgreindri rannsókn Pew séu fréttir skilgreindar á miklu víðtækari hátt en gert er í rannsókn New Media & Society. Hefðbundnu fréttamiðlarnir leiti eðlilega þangað sem neytendur leita sér frétta en komist einfaldlega ekki í gegnum algóritma TikTok sem sé algjörlega afþreyingamiðaður.

### Fjölmiðlar flykkjast á TikTok

TikTok er sá samfélagsmiðill sem hefur vaxið langhraðast á undanförnum misserum. Vinsældirnar byggjast fyrst og fremst á stöðugum straumi skemmtilegra og stuttra myndskeiða. Fréttatengd myndbönd hafa þó verið að ryðja sér til rúms og má þar nefna myndskeið sem tengjast Black Lives Matter, kórónuveirufaraldrinum, stríðinu í Úkraínu og nú síðast átökunum á Gaza. Miðillinn hefur á sama tíma leyft lengri myndskeið og ýtt undir myndskeið í beinu streymi. Allt þetta hefur aukið áhuga hefðbundinna fréttamiðla á að nýta sér vinsældir TikTok. Rannsóknir sýna hins vegar að enn eru það frekar áhrifavaldar, aðgerðasinnar og venjulegt fólk sem uppfyllir þá eftirspurn, fremur en hefðbundnir fréttamiðlar og fjölmiðlafólk.

Megin niðurstaða Digital News Report hjá Reuters var að á síðasta ári var helmingur stóru fréttamiðlanna með reglulegar birtingar á TikTok. Flestir eru þeir nýkomnir inn á þennan ört stækkandi markað. Fréttamiðlar í Indónesíu og Ástralíu eru nær allir á TikTok og í Evrópu hafa miðlar á Spáni, Frakklandi og Bretlandi verið brautryðjendur. Útbreiðslan er einnig mjög mikil, bæði í Norður og Suður-Ameríku. Miðlar í norðanverðri Evrópu og á Norðurlöndunum hafa farið sér hægar og útbreiðslan er lítil í austurhluta álfunnar. Fréttamiðlar í Asíu og Afríku eru langt á eftir kollegum sínum. TikTok er bannað á Indlandi og ekki aðgengilegt í Hong Kong.



iStock

## Fjandsamlegur lógaritmi

Stóru fréttaveiturnar laðast að ört stækkandi notendahóp á TikTok og ekki síst því unga fólki sem erfitt hefur reynst að ná til. Margir telja það skyldu sína að veita áreiðanlegar upplýsingar á tímum upplýsingaóreiðu og falsfrétta. Aðrir vilja fara hægt í sakirnar, hafa áhyggjur af kínversku eignarhaldi og mögulegri ritskoðun kínverskra stjórnvalda. Sumir telja einfaldlega rangt að TikTok-væða fréttirnar, gjaldfella þær með því að klæða þær í búning afþreyingar. Fréttaveiturnar beita mismunandi aðferðum til að fóta sig á TikTok en margir kvarta undan fjandsamlegum lógaritma.

Það er hinn sérhæfði algóritmi sem margir eiga erfitt með að átta sig á. Í grunninn byggir hann á vinsældum og persónulegu áhugasviði þar sem áhorfstími, fjöldi athugasemda, deilingar og jákvæð viðbrögð skipta sköpum. En efnið virðist þufa að passa inn í TikTok-formið og einhverra hluta vegna hafa hefðbundnar fréttir og fréttamiðlar átt erfitt með að fóta sig og ná athygli. Það hefur þó verið að breytast hratt og fjölmiðlar smám saman að finna fjölina sína á TikTok, án þess að klæða sig í kalkúnabúning til að segja fréttir af þakkargjörðarhátíðinni.

Fréttaveitur hafa flykkst á TikTok-vagninn til að ná til unga fólksins með misjöfnum árangri. Margir hafa áhyggjur af kínversku eignarhaldi og ritskoðun, afþreyingarvæðing frétta hræðir suma og ekki eru það tekjurnar sem heilla útgefendur. Fræðimenn hafa sagt TikTok gróðrarstíu falsfrétta og upplýsingaóreiðu og aðrir segja miðilinn einfaldlega vinna gegn hefðbundnum fréttum. Þetta eru svipaðar áhyggur og menn höfðu af öðrum nýjum miðlum en smám saman hafi miðlarnir náð fótfestu á TikTok með fjölbreytilegum hætti. Unga fólkið á TikTok er að eldast, myndböndin að lengjast og eftirspurn eftir hefðbundnum fréttum í nýjum búningi að aukast.



VIÐTAL

# „Algjörlega upp á algóritmann kominn“

„Viðbrögðin hafa verið góð hingað til, segir Bjarki Sigurðsson fréttaamaður á Stöð 2. TikTok-verkefnið er nýtt á Stöð 2, byrjaði í upphafi nóvember og þar eru menn að prófa sig áfram. „Við höfum einnig verið að birta efni á Instagram og sjáum greinilegan mun á markhópunum og hvaða efni virkar hvar. Gallinn er að maður er algjörlega upp á algóritmann kominn og þarf svolítið að reyna að þóknast honum til þess að fá meiri athygli. Hann getur verið afar sérstakur varðandi hvað hann fílar og hvað hann fílar ekki.“

Bjarki segir að Stöð 2 birti ekki bara fréttir á TikTok, heldur líka efni frá vinnslu frétta og annað sem gerist á fréttagólfinu. Reynt sé að birta þrjú myndbönd á viku en stundum séu þau fleiri, stundum færri. Engar sérstakar vinnureglur hafa verið mótaðar fyrir vinnslu á efni fyrir TikTok. „Við höfum ekki sett neinar skýrar reglur en auðvitað vinnum við bara eftir sömu vinnu- og siðareglum og þegar við gerum venjulegar fréttir. Ég ræði við annað starfsfólk áður en ég birti, fæ álit og svona, til þess að við getum þróað þetta saman. Fréttirnar eru auðvitað ekki settar upp með sama móti og venjulegar sjónvarpsfréttir til dæmis, vegna þess að markhópurinn er allt annar.

Unga fólkið er á TikTok svo orð eins og skuldahalli, skattaívilnun og verklagsendurskoðun njóta ekki mikilla vinsælda þar.“

### Lítil sem engin tekjuvon

TikTok hefur verið kallað fréttasvarthol og að lógaritminn vinni beinlínis gegn hefðbundnum fréttamiðlum. Bjarki segir vissulega erfitt að ná í gegn á TikTok. „Við höfum ekki fundið fyrir því að algóritminn vinni beinlínis gegn okkur þó svo að við værum auðvitað til í að vera í meira uppáhaldi hjá honum. Oft eru myndbönd sem mér þykir verðskulda heimsathygli en algóritminn vill helst að hann fari ekkert mikið lengra en til einhverra átta þúsund einstaklinga sem hann velur.“

Bjarki segir ekki mikla möguleika á að afla tekna með fréttum á TikTok. „Ef tekjur yrðu einhverjar held ég að þær yrðu alltaf af skornum skammti. Íslenski TikTok-markaðurinn er afar smár svo að það þyrfti alltaf að vera með efni á ensku til að fá tekjur frá TikTok. En auðvitað sjá einhverjir fyrir sér með auglýsingaefni en mér finnst það mjög ólíklegt að fréttastofur leggi í það.“



**Bjarki Sigurðsson** á Stöð 2.

VIÐTAL

# „TikTok virkar klárlega fyrir fréttir“

„Viðbrögðin hafa verið ótrúleg,“ segir Ingunn Lára Kristjánsdóttir, TikTok-fréttamaður á RÚV, sem byrjaði að setja fréttir á TikTok í október árið 2022. RÚV birtir að jafnaði eina frétt á samfélagsmiðlinum á dag og er eini íslenski fréttamiðillinn sem hefur verið virkur fréttamiðill á TikTok. Stöð 2 hefur nýtt TikTok meira fyrir kynningarefni en hefur verið að feta fréttaslóðina á undanförnum vikum.

Ingunn Lára segir að RÚV hafi fengið afar góð viðbrögð við fréttaefni á TikTok. „TikTok virkar klárlega fyrir fréttir. Viðbrögðin hafa verið ótrúleg. Fyrir TikTok heyrði ég kollega mína og foreldra í samfélaginu kvarta yfir því að ungt fólk hafi ekki áhuga á fréttum en það er bara ekki rétt. Fjölmiðlar voru bara ekki að setja fréttirnar fram á máli sem ungt fólk skilur og á þeim miðlum sem unga fólkið notar. Eftir að við byrjuðum á TikTok hef ég heyrt mikið frá kennurum og foreldrum að unglingar séu nú að fylgjast meira með fréttum og séu meira að pæla í samfélagsmiðlum eftir að hafa „séð það á TikTok“. Við erum núna með rúmlega 80 þúsund fylgjendur á TikTok og áhorfið þar er oft talsvert meira en í sjónvarpi, á vefnum og í útvarpi. Við tökum sérstaklega eftir því þegar skólahópar koma í heimsókn á RÚV að þau segjast fylgjast með fréttum á samfélagsmiðlum og fylgi RÚV á TikTok.“

### Gagnvirkni skiptir máli

Frá upphafi hefur áherslan verið á talað mál og óformlega framsetningu líkt og vinir væru að tala saman. „Ég nota bara orð sem ég myndi nota í daglegu tali, til að skapa meiri nánd milli fréttamanns og áhorfandans. Við leggjum litla áherslu á „breaking news“ nema það tengist almannavarnahlutverki okkar. Megin áherslan er lögð á að setja fréttir í samhengi. Við heyrum stundum að lesendur gefist upp á fréttum af því þeir skilja ekki fréttirnar, þekkja ekki forsöguna eða af hverju þær skipta máli. „Og hvað með það“-myndböndin koma þar sterkt inn.“

Gagnvirknin skiptir líka miklu máli, segir Ingunn Lára, að það sé ákveðið samband á milli fréttamanna og áhorfenda á TikTok. „Ég skoða athugasemdakerfið til að sjá hvað fólk vill vita meira um og svara þeim með myndböndum til að útskýra málin. Til dæmis er ungur fylgjandi sem var ekki fæddur fyrir hryðjuverkaárásina á Tvíburaturnana sem vildi sjá fyrstu fréttina um árásina. Þá fór ég í safnið á RÚV og fann fyrstu fréttirnar og sýndi á TikTok.“

Efnið skiptist að mestu í fjóra flokka; fréttaskýringar, fræðslu, bak við tjöldin og skemmtun. „Fréttaskýringarnar eru mjög vinsælar en þar setjum við fréttir í samhengi. Fræðslan er oft efni úr safni RÚV eða útskýringar á hugtökum. Bak við tjöldin getur fjallað um hvað sé falsfrétt, hvernig verða hádegisfréttirnar til og hvernig virkar fjarstýringin sem fréttaþulirnir nota. Skemmtun getur verið mannlega hliðin á fréttastofunni en það skapar tengingu og traust milli áhorfenda og fréttamanns. Við höfum birt myndbönd af fréttaþulum syngja í myndverinu, svo dæmi sé tekið.“

## Fréttasvartholið er vanmat

Ingunn Lára þekkir umræðuna um „fréttasvartholið“ vel og að lógaritminn vinni beinlínis gegn hefðbundnum fréttamiðlum. „Þeir fjölmiðlar sem lenda í þessu fréttasvartholi eru þeir miðlar sem vanmeta samfélagsmiðla og stúdera þá ekki eins og sjónvarp er stúderað í háskólanámi og kvikmyndagerð. Hefðbundnar fréttir með gamla sniðinu komast ekki langt og maður þarf að vera svolítið skapandi og hugsa út fyrir kassann til að ná til áhorfenda. Ég sé að miðlar eins og BBC hafa ekki verið nógu duglegir að setja fram fréttirnar sérstaklega fyrir samfélagsmiðla, þeir nýta frekar efni sem er framleitt fyrir sjónvarp eða vef og halda að það geti virkað á samfélagsmiðlum.

Aðrir reyna að setja kitlur eða „trailer“ á TikTok og halda að það nái einhverju flugi. CNN, Washington Post og Deutshche Welle eru dæmi um miðla sem eru duglegir að framleiða efni frá grunni fyrir samfélagsmiðla. Efnið þarf að vera sérhannað fyrir miðilinn, klippingin þarf að vera öðruvísi af því að tungumálið er annað á samfélagsmiðlum. Á TikTok er ákveðinn einkahúmor og maður þarf að skilja samfélagið, vera hluti af því og kunna að meta það til þess að geta sett fram fréttir sem fá góða dreifingu. Þetta þarf að vera einlægt. Fólk á TikTok sér í gegnum allt sem er gervilegt eða virkar eins og auglýsing. Það verður að koma sér strax að efninu, tala um hlutina á mannlegu máli og finna leiðir til að gera fréttir áhugaverðar og myndrænar. Þetta er auðvitað eitthvað sem flestir fréttamenn tileinka sér í hefðbundinni fréttamennsku líka en á samfélagsmiðlum er mikilvægt að efni sé klippt á knappan og aðgengilegan hátt.“

En er hægt að fá tekjur af fréttum á TikTok? „Já, það er til dæmis hægt að fá auglýsingatekjur eða vera svona efnisskapari sem fær greitt fyrir hvert áhorf. Svo geta áhorfendur gefið efnisköpurum gjafir.Við höfum ekki farið þá leið á RÚV að fá tekjur af TikTok. Þetta er hugsað sem aukaþjónusta við hefðbundinn fréttaflutning.“




**Ingunn Lára Kristjánsdóttir** á RÚV.

# RÍFLEGA ÞRIÐJUNGUR FÓLKS FORÐAST FRÉTTIR



**Eyrún Magnúsdóttir**
blaðamaður skrifar

**Tölur um fréttaforðun í heiminum benda til þess að ríflega einn af hverjum þremur forðist fréttir meðvitað á einhverjum tímapunkti, ýmist með því að sleppa fréttum, takmarka tíma sem varið er í fréttir eða forðast fréttir af ákveðnum málum. Fréttaforðun hefur ekki verið mæld sérstaklega hér á landi.**

Jafnvel mestu fréttahaukar þurfa endrum og sinnum frí frá fréttum og fjölmiðlum, ekki síst þegar neikvæðar og erfiðar fréttir dynja á okkur dag eftir dag. Göngutúr, góð bók eða léttari afþreying er stundum valin framyfir það að lesa, hlusta eða horfa á fréttir. En þegar fólk tekur meðvitaða ákvörðun til lengri eða skemmri tíma um að forðast fréttir og fréttatengt efni þá er það kallað fréttaforðun (e. news avoidance). Í því getur einnig falist að fólk takmarki markvisst þann tíma sem fer í að skoða fréttir eða forðast sérstaklega fréttir af ákveðnum málum. Svo virðist sem fréttaforðun hafi víða í heiminum aukist á síðustu árum, síst þó á Norðurlöndunum.

Fyrirbærið fréttaforðun hefur verið töluvert mælt og skoðað af Reuters-stofnuninni við Oxford háskóla í Bretlandi en ár hvert birtir stofnunin skýrslu (Digital News Report) um fréttir, fréttaneyslu, traust til fjölmiðla, lestur, áhorf og hlustun á ólíka miðla og fleira sem tengist fjölmiðlum. Í skýrslunni sem kom út í sumar var fréttaforðun skoðuð sérstaklega og rýnt bæði í tölur um það fyrirbæri og ástæður þess að fólk forðast fréttir. Skýrslan byggir á svörum frá 93.000 manns frá 46 löndum í sex heimsálfum. Ísland er ekki meðal þeirra landa sem eru skoðuð í þessari skýrslu sem kom út í tólfta sinn í ár.

## Konur forðast frekar fréttir en karlar

Séu tölurnar skoðaðar í heild sést að um 36% svarenda segjast stundum eða oft forðast fréttir, en spurt var hvort fólk hafi meðvitað forðast fréttir á einhverjum tímapunkti nýverið. Konur eru líklegri en karlar til að forðast fréttir en hlutfall kvenna sem stundum eða oft forðast fréttir er 39% eða nærri tvær af hverjum fimm. Samsvarandi hlutfall fyrir karla er 33%.

Þau sem forðast fréttir skiptast í tvo hópa samkvæmt skýrslunni. Annars vegar þau sem reglulega reyna að forðast allar uppsprettur frétta og hins vegar þau sem forðast tilltekin málefni eða takmarka fréttaneyslu sína við ákveðinn tíma.

Í skýrslunni sem kom út fyrr á árinu var í fyrsta sinn rýnt nánar í það hvernig og hvers vegna fólk forðast fréttir. Í ljós kom að ríflega helmingur eða 53% þeirra sem segjast forðast fréttir geri það með því að sniðganga sem flestar uppsprettur frétta – til dæmis að skruna framhjá öllu fréttaefni á samfélagsmiðlum, sleppa því að heimsækja fréttavefi og lækka í útvarpi eða sjónvarpi þegar fréttir hefjast. Hægt var að velja fleiri en einn möguleika, en álíka stór hluti þeirra sem á annað borð forðast fréttir, eða 52% fréttaforðunarhópsins, segist forðast fréttir með því að takmarka þann tíma sem varið er í að skoða fréttir dag hvern, skoða þær aðeins á tilteknum tímum og sleppa öllum áminningum um fréttir til dæmis frá fréttaöppum.

Þá nefnir tæpur þriðjungur, eða 32% svarenda, að þeir forðist fréttir um tiltekin málefni sem láta þeim líða illa eða auka á kvíða. Þessi hópur forðast gjarnan fréttir af stríði og öðrum átakanlegum atburðum.

Af þeim sem segjast almennt forðast fréttir eru 39% sem segjast sérstaklega forðast fréttir af stríðinu í Úkraínu, þar á eftir kemur forðun frá fréttum af innlendum stjórnmálum eða 38%. Mest er um að fólk forðist fréttir af stjórnmálum í sínu heimalandi í þeim löndum þar sem pólarísering er mikil og þar sem harðar deilur ríkja, ólíklegra er að fólk forðist sérstaklega fréttir af pólitík í þeim löndum þar sem meiri stöðugleiki og jafnvægi ríkir.

Einnig eru tengsl milli fréttaforðunar og trausts til fjölmiðla. Almennt virðist sem í löndum þar sem traust til fjölmiðla er mikið sé fréttaforðun minni. Í löndum þar sem fjölmiðlar njóta ekki trausts er líklegra að fólk forðist fréttir.



iStock

## Snýst ekki endilega um áhugaleysi

„Að snúa baki við fréttum er eina leiðin sem ég finn til að komast af stundum. Ég verð að taka meðvitaða ákvörðun um að snúa mér undan til að vernda geðheilsu mína.“ Svona lýsir einn svarenda, 42 ára gömul kona, ástæðum þess að hún forðast fréttir. Skýrsluhöfundar telja einmitt að fréttaforðun þurfi ekki endilega að þýða áhugaleysi á því sem er að gerast í heiminum, heldur hafi hún miklu meira með það að gera að fólk sé að forðast margvíslegt áreiti í því skyni að vernda andlegu hliðina. Áreiti á fólk gegnum netið sé einfaldlega orðið svo mikið að eitthvað þurfi undan að láta. Einnig er algengt að fólk nefni leiðindi og áhugaleysi gagnvart viðfangsefnum frétta. Þær séu einfaldlega of leiðinlegar og/eða höfði ekki til þess þannig að tímanum sé betur varið í annað.

Svo dæmi sé tekið af fréttaforðun gagnvart Úkraínustríðinu þá telja skýrsluhöfundar það ekki endilega benda til skorts á áhuga á Úkraínu heldur hafi þetta að gera með löngun fólks til að stýra tíma sínum eða vernda andlega heilsu frá raunverulegum hörmungum stríðs. Einnig kann að vera að svarendur í sumum löndum telji sig nú þegar vita nóg um Úkraínu vegna ítarlegrar umfjöllunar í flestum miðlum og á samfélagsmiðlum, og segist þess vegna forðast fréttir af stríðinu.

Sjaldan hefur verið mikilvægara en nú á tímum upplýsingaóreiðu að fólk hafi aðgang að vönduðu fréttaefni. Á meðan ritstýrðir fjölmiðlar og samfélagslega mikilvægir fréttamiðlar eru í harðri samkeppni við ýmiss konar misjafnar upplýsingar, djúpfalsanir og falsfréttir þá hlýtur að vera ástæða til að skoða málin ofan í kjölinn.

## Vantar rannsókn hérlendis

Fréttaforðun hefur ekki verið rannsökuð sérstaklega hér á landi, höfundur fékk það staðfest frá Valgerði Önnu Jóhannsdóttur, dósent við HÍ og umsjónarmanni náms í blaða-og fréttamennsku.

Hún benti hins vegar á könnun sem hún gerði árið 2017 þar sem notaðar voru spurningar úr Digital News Report og spurt um fréttaneyslu, en ekki beint um fréttaforðun sérstaklega. „Niðurstaðan var að Íslendingar væru ákafir fréttaneytendur – 87% neyttu frétta oft á dag – og lítil merki þá að sjá um fréttaforðun. Þessi könnun var hins vegar gerð 2017 og margt gæti hafa breyst,“ segir Valgerður.

Í skýrslu Reuters-stofnunarinnar má sjá að fréttaforðun almennt í heiminum, þ.e. hlutfall þeirra sem segist stundum eða oft forðast réttir, var 29% árið 2017 en hefur hækkað í 36%. Hlutfallið var þó enn hærra í skýrslunni sem kom út 2022 en þá sögðust 38% forðast fréttir, en þá var það háa hlutfall sérstaklega rakið til leiða fólks á fréttum um Covid-19.

## Ástæður þess að fólk segist forðast fréttir

1. Forðast flestar uppsprettur frétta

2. Takmarka tíma sem varið er í að skoða fréttir

3. Forðast tiltekin umfjöllunarefni sem eru erfið




*Forðunarhegðun 2023. Þau sem segjast meðvitað forðast fréttir spurð um ástæður þess (velja mátti fleiri en einn möguleika). Svarendur sem stundum eða oft segjast forðast fréttir eru 33.469.*

# GRUNNNÁM Í BLAÐAMENNSKU
# Í BOÐI Í FYRSTA SINN VIÐ HÍ



**Valgerður Anna Jóhannsdóttir**
dósent við HÍ
skrifar

Tímamót verða í Háskóla Íslands næsta haust, þegar í fyrsta sinn verður boðið upp á grunnnám í blaðamennsku við stjórnmálafræðideild skólans. Um leið verður lagt af meistaranám í blaða- og fréttamennsku við deildina. Rökin fyrir þessari breytingu eru margþætt. Fáir draga í efa mikilvægi faglegra ritstýrðra og sterkra fjölmiðla í lýðræðislegum samfélögum, eins og nýleg lög um opinberan stuðning við einkarekna fjölmiðla bera glöggt vitni um. Menningar- og viðskiptaráðherra, sem er fagráðherra fjölmiðlamála, hefur boðað frekari skref í þá átt og einn liður í að efla fjölmiðla er að efla faglega menntun blaðamanna.

Blaðamannafélag Íslands óskaði snemma í haust eftir því við stjórnmálafræðideild að tekið yrði upp grunnnám í blaðamennsku. Í bréfi formanns BÍ til deildarinnar var meðal annars bent á að fagleg blaðamennska hefði sennilega aldrei verið mikilvægari en einmitt núna og þörfin fyrir haldgóða menntun blaðamanna hafi aukist vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á umhverfi fjölmiðla. Undanfarin ár hefur aðsókn að meistaranáminu hins vegar farið minnkandi og stjórnmálafræðideild deilir þeirri sýn með BÍ að það sé vænlegra til árangurs að efla menntun blaðamanna með því að bjóða upp á háskólanám í faginu á grunnstigi. Það er einnig í takt við það sem gerist í flestum nágrannalöndum okkar, þar á meðal alls staðar á hinum Norðurlöndunum, þar sem BA-nám í blaðamennsku hefur verið í boði í áratugi. Möguleikar nemenda til að komast í skiptinám stóraukast því við það að taka upp grunnnám í faginu við Háskóla Íslands.

## Meistaranám síðan 2004

Meistaranámið í blaða- og fréttamennsku hóf göngu sína árið 2004. Þar áður var hægt að taka eins árs diplómanám í hagnýtri fjölmiðlun sem komið var á fót árið 1987, ekki síst fyrir tilstuðlan Blaðamannafélagsins. Við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri hefur verið í boði BA-nám í fjölmiðlafræði, en nemendur þar hafa einnig fengið þjálfun í að skrifa texta og vinna við útvarp, sjónvarp og samfélagsmiðla. Það hefur hins vegar ekki verið mögulegt að útskrifast með BA-próf i blaðamennsku hér á landi til þessa.

Nýtt BA-nám í blaðamennsku var samþykkt í háskólaráði nú í desember. Jafnframt fékkst vilyrði frá menningar- og viðskiptaráðuneyti um fjárhagslegan stuðning við námið næstu þrjú árin. Það gerir okkur kleift að ráða nýjan kennara, en til þessa hefur einungis verið einn fastur starfsmaður við námsleiðina.

## Meiri íslenska – lengri starfsþjálfun

Uppbygging námsins og innihald verður um margt svipað því sem var í meistaranáminu, en lagað að námi á grunnstigi. Nemendur taka 120 einingar í blaðamennsku og 60 einingar í aukagrein að eigin vali til að ljúka BA-prófi. Meistaranemum sem eiga eftir stöku námskeið eða lokaverkefni verður að sjálfsögu gert kleift að ljúka sínu námi og breytingin rýrir ekki á nokkurn hátt gildi meistaragráðunnar þeirra.

BA-námið verður blanda af fræðilegri umfjöllun og praktískri þjálfun, líkt og tíðkast í blaðamennskuháskólum annars staðar. Fjallað verður m.a. um hlutverk og stöðu fjölmiðla i samfélaginu, lagalegt umhverfi og siðareglur blaðamanna. Nemendur verða þjálfaðir í að afla frétta og upplýsinga, í að byggja upp fréttir og greinar og taka viðtöl, svo nokkuð sé nefnt. Áherslan á íslensku verður aukin, enda tungumálið verkfæri blaðamanna óháð því hvernig þeir miðla efni sínu. Nemendur fá tilsögn í að búa til efni fyrir margskonar miðla, í texta, hljóð og mynd, fyrir vef, samfélagsmiðla og hefðbundnari fjölmiðla. Þá stendur til að lengja þann tíma sem nemendur fá í starfsþjálfun á fjölmiðlum.

Menntun blaðamanna þarf líka að þróast í takt við breytingar og þarfir samfélagsins. Tæknibreytingar undanfarinna ára hafa svo sannarlega fært blaðamönnum margskonar ný verkfæri í hendurnar. Blaðamaður New York Times orðaði það eitt sinn svo upp væri runnin gullöld blaðamennsku, með alla heimsins þekkingu innan seilingar í snjallsímanum, sem líka er hægt að nota til að vinna og dreifa efni.

Stafræn tækni gerir blaðamönnum líka kleift að vinna úr miklu magni gagna, og starfa saman þvert á landamæri eins og dæmin sanna.

BA-nemar í blaðamennsku munu fá tilsögn í að nota margskonar tækni og hugbúnað, þ.m.t. fyrir gagnavinnslu og sjónræna framsetningu gagna og það nýjasta eru ýmiskonar gervigreindartól sem ritstjórnir eru farnar að nota í vaxandi mæli.

Flestir læra best á því að gera og í náminu er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér vinnubrögð fagsins með því að gera það sem blaðamenn gera, afla upplýsinga og búa til áhugavert efni, sem er unnið í samræmi við gildi og siðareglur faglegrar blaðamennsku. Nemendur gera því ekki verkefni fyrir skúffu kennarans heldur vinna fréttir og greinar sem verða birtar á fréttavef námsleiðarinnar og eftir atvikum í öðrum fjölmiðlum. Námsleiðin er ágætlega búin tækjum og nemendur hafa aðgang að hugbúnaði og tækjum fyrir hljóð- og myndvinnslu.

## Gott samstarf við vettvanginn

Meistaranámið hefur í gegnum tíðina átt í mjög góðu samstarfi við Blaðamannafélagið og helstu fjölmiðla. Við höfum undanfarið rætt við bæði forsvarsfólk BÍ og ritstjóra og fréttastjóra stærstu miðlanna og er vilji allra að gera enn betur í þeim efnum og efla í sameiningu faglega blaðamennsku sem best við getum.

Nemendur muna njóta góðs af því að fá að kynnast beint starfi ritstjórna, fá kennara og fyrirlesara úr hópi reyndra blaðamanna og mynda tengsl við þá sem starfa við fagið. Fjölmiðlar geta nýtt sér tengsl námsleiðarinnar við fjölmarga erlenda blaðamannaháskóla, aðgang að sérfræðiþekkingu, endurmenntun og styrkjum. Sem fyrr sagði aukast möguleikar nemenda á skiptinámi til muna, þar sem blaðamennska er víðast hvar kennd sem grunnnám. Það er öllum hollt að hleypa heimdraganum, en skiptinám eflir ekki bara þá nemendur sem í það fara, heldur einnig blaðamennsku sem fag hér á landi og íslenska fjölmiðla sem fá inn ferska vinda og ný sjónarhorn.

Skoðanir kosta ekkert en staðreyndir eru heilagar, skrifaði CP Scott, ritstjóri the Guardian, í stefnuyfirlýsingu nýstofnaðs dagsblaðs fyrir rúmum 116 árum. Það á enn við. Það er enginn skortur á skoðana- og álitsgjöfum, en fólk þarf áreiðanlegar upplýsingar til að byggja skoðanir sínar á. Þar gegna blaðamenn lykilhlutverki. Það er fyrst og fremst á ritstýrðum fjölmiðlum sem markvisst og skipulega er unnið við að afla upplýsinga sem varða almenning og samfélagið allt, sannreyna þær, setja í samhengi og miðla.

Skilningur á mikilvægi þess að standa vörð um faglega blaðamennsku og vandaða ritstýrða fjölmiðla fer vaxandi og löngu tímabært að snúa vörn í sókn. Grunnnám í blaðamennsku styður við þá viðleitni.



*Blaðamennskunemar við HÍ fá innsýn í allar gerðir fjölmiðlastarfa* Mynd: VAJ

# ÞEKKING Á GERVIGREIND MIKILVÆG FYRIR BLAÐAMENN



**Eyrún Magnúsdóttir**
blaðamaður
skrifar

**Fjölmiðlar og fréttaveitur víða um heim hafa um árabil nýtt gervigreind í störfum sínum og minni miðlar eru að prófa sig áfram og skoða hvernig þeir geti nýtt tæknina. Gervigreind kemur inn í starf blaðamannsins úr nokkrum áttum. Möguleikar í að nýta tæknina eru heilmiklir en ýmsar hindranir eru þó í veginum, bæði tæknilegar og ekki síst siðferðilegar.**

Gervigreind í fjölmiðlum þarf ekki endilega að vera vísindaskáldskapur eða vélmenni sem situr við tölvuskjá og spýtir út fréttum á ógnarhraða. En gervigreind hefur verið notuð í þónokkur ár af stærstu fjölmiðlum og fréttaveitum heims, t.d. Reuters, AP, New York Times, BBC, Washington Post, CNN og fleirum. Gervigreind er notuð til að lesa úr gagnabunkum, segja eða skrifa fréttir sem byggja á stöðluðum gögnum, sannreyna staðreyndir og til að birta lesendum efni sem er sniðið að þeirra þörfum.

Gervigreind markar tilveru okkar sífellt meira og tekur sér pláss á nýjum sviðum. Með gervigreind er hægt að framleiða stórkostlegar myndir, texta og myndbönd, en það er líka hægt að gera skelfilega trúverðugar djúpfalsanir með aðstoð gervigreindar.

Gervigreind síast inn í alla mögulega þætti tilveru okkar sem eru tengdir tölvum og tækni, bæði heima og í vinnu. Gervigreind kemur inn í störf blaðamanna úr nokkrum áttum ef svo má segja. Einn anginn er að við þurfum að kynna okkur tæknina til að geta skrifað um hana. Annar er sá sem snýr að tæknirisunum sem standa fremst í þróun. Blaðamenn þurfa að vera færir um að veita þeim aðhald og rýna í þau skref sem verið er að taka í þróun gervigreindar. Þriðji anginn er að blaðamenn þurfa að setja sig inn í það hvernig við getum nýtt gervigreind í starfi, til dæmis til að létta undir og þannig gera okkur kleift að kafa dýpra í ýmis mál. Fjórði anginn er svo að skilgreina siðferðislegan ramma utan um notkun gervigreindar á fjölmiðlum, blaðamenn þurfa að vera í forgrunni í þeirri vinnu.

Gervigreind er í huga margra ógnvekjandi, en hún er líka spennandi. Þegar kemur að nýtingu hennar á fjölmiðlum og í blaðamennsku þá eru auðvitað margar hindranir. Ef nýta á gervigreind á fjölmiðli þarf að vera til staðar tæknileg geta til að taka upp nýja tækni, blaðamenn og annað starfsfólk þarf líka að hafa vilja og löngun til að innleiða slíka tækni í störf sín og sjá einhvern tilgang með því að nýta hana. Þá þarf einnig að vera næg þekking innanhúss til að takast á við álitamál og siðferðilegar spurningar.

Eigum við að taka gervigreind opnum örmum og hleypa henni inn í vinnuna okkar eða eigum við að berjast gegn henni?

Svör við spurningum sem vaknað hafa um nýtingu gervigreindar á fjölmiðlum eru ekki skýr og alls ekki í eina átt. Flestir sem skrifa um þessi mál virðast sammála um að gervigreind muni breyta miklu í starfi blaðamanna og því hvernig fjölmiðlar virka. En á sama tíma er blaðamennska starfsgrein sem er ólík flestum öðrum. Samhliða því að vera opin fyrir nýrri tækni þurfa blaðamenn að rýna í allt sem þau sem þróa tæknina gera. Ekki alveg einfalt verkefni.

Gróflega má skipta notkun gervigreindar á fjölmiðlum í þrennt, við fréttaöflun, fréttaframleiðslu og fréttadreifingu.

Í fyrsta lagi er gervigreind nýtt við fréttaöflun og skrif, til dæmis til að hanna forrit sem getur rýnt í gögn



*Gervigreind er alveg með það á hreinu að blaðamenn eru með hatt, ef hún er beðin um myndir sem sýna gervigreind og blaðamann. Myndirnar eru gerðar með spunagreind (e. generative AI) með því að slá inn orðin gervigreind og blaðamaður.*

og unnið úr þeim. Þetta á einkum við um stöðluð gögn eins og íþróttaúrslit eða ársreikninga. Þá má nefna forrit sem gera blaðamönnum kleift að breyta tali í texta og geta breytt miklu fyrir hraða í vinnslu viðtala til dæmis. Allavega ein slík lausn er til á íslensku frá máltæknifyrirtækinu Tiro. Með því að skrá sig inn á vefinn Tiro.is er hægt að hlaða upp hljóðskrá og breyta henni í textaskrá á augabragði. Þetta forrit er ekki fullkomið en virkar vel á viðtöl þar sem fólk talar skýrt og gott mál. Aðeins erfiðara að nýta ef viðmælendur eru óskýrir í tali, en getur engu að síður sparað dýrmætan tíma sem annars færi í að pikka inn viðtal eftir upptöku.

Í öðru lagi er gervigreind nýtt við fréttaframleiðslu. Það er gert til dæmis með aðstoð verkfæra á borð við yfirlestrarforrit, staðreyndavöktun og fleira með gervigreind á bak við sig. Svona verkfæri eru almennt lengra komin á enskri tungu, en þó má nefna að máltæknifyrirtækið Miðeind hefur þróað yfirlestrartól sem finna má á vefnum Yfirlestur.is. Líkt og tekið er fram á vefnum þá er tólið ekki fullkomið, enda er íslensk máltækni í stöðugri þróun. Blaðamenn geta í raun tekið þátt í þeirri þróun með því að nota þau tól sem þó bjóðast á íslensku, þannig verða þau betri og nýtast frekar við vinnu blaðamanna.

Í þriðja lagi má nefna að gervigreind getur nýst við fréttadreifingu. Þetta er kannski sá hluti sem hefur minnst með blaðamennsku að gera, en er þó algengasta notkunin á gervigreind á fjölmiðlum. Gervigreind er þá notuð á vefmiðlum til að rýna betur í lesendahópinn og ná að greina betur hver vill lesa hvað. Með aðstoð gervigreindar geta miðlar kynnst hegðun lesenda sinna betur og jafnvel sniðið efni að hverjum og einum.

Spurningar tengdar gervigreind eru ótalmargar og þeim verður ekki öllum svarað hér. Í það minnsta liggur beint við að fullyrða að þekking er vopn sem nýtist vel í þessari gervigreindarvegferð. Þekking á gervigreind, notkun hennar og áhrifum, er eitthvað sem borgar sig að verða sér úti um. Hér verður bent á eina leið til þess.

Hjá London School of Economics hefur frá árinu 2019 verið starfrækt sérstakt rannsóknasetur um gervigreind og blaðamennsku sem heitir einfaldlega JournalismAI (auðvelt að finna á vef LSE eða með því að gúggla JournalismAI). Markmiðið með þessu setri er að styrkja blaðamenn og minni fjölmiðla um heim allan í að stíga skref í átt að því að nýta sér tæknina. Nokkrar leiðir eru færar fyrir þá sem vilja fræðast um gervigreind.



*Þær eru ekki alltaf fallegar teikningarnar sem gervigreindin framleiðir.*

JournalismAI heldur úti fréttabréfi sem er mjög gagnlegt fyrir blaðamenn til að fylgjast með þróun í gervigreind og blaðamennsku. Boðið upp á vefnámskeið fyrir blaðamenn um möguleika og takmarkanir á notkun gervigreindar í störfum þeirra. Hægt er að hlaða niður skjali sem heitir The Starter Pack og inniheldur það helsta sem nauðsynlegt er að vita um gervigreind og tengsl við blaðamennsku og fjölmiðla áður en farið er að nýta hana. Einnig er hægt að sækja um að komast í lengri námskeið bæði fyrir blaðamenn og litlar ritstjórnir.

### Þrjú dæmi um gervigreindartól sem þróuð hafa verið á fjölmiðlum

**BloombergGPT:** Stórt mállíkan sem er þjálfað á fjármálagögnum til að leysa ýmis máltæknitengd verkefni eins og að draga saman ársskýrslur og önnur fjármálagögn, gera skýrslur og veita innsýn í þróun á hlutabréfamörkuðum.

**The Reuters News Tracer:** Tól sem nýtir gervigreind til að hjálpa blaðamönnum við að sortera gegnum mikið magn gagna á netinu, t.d. fréttir, viðtöl og samfélagsmiðlafærslur auk þess að kanna áreiðanleika þeirra. Markmiðið er að geta komið fyrr auga á stór fréttamál og geta verið fyrst með fréttir.

**The Washington Post's Heliograf:** Forrit búið gervigreind sem gerir ritstjórn kleift að framleiða sjálfvirkt styttri fréttir sem byggja á stöðluðum gögnum. Þetta eru fréttir á borð við úrslit úr íþróttaleikjum, afkomuskýrslur fyrirtækja og annað sem tölva getur gert ef henni er kennt að þekkja þessi tilteknu gögn sem liggja að baki. Hugmyndin er að blaðamenn fái þá meiri tíma til að sinna verkefnum sem reyna meira á huga en hönd.

# BLAÐAMANNAVERÐLAUNIN VEITT Í 20. SINN

**Blaðamannaverðlaun BÍ fyrir árið 2022 voru veitt við hátíðlega athöfn í Safna-húsinu við Hverfisgötu þann 10. mars síðastliðinn. Þetta var 20. verðlaunaveitingin frá því stofnað var til þeirra.**

**Ávarp formanns dómnefndar, Gunnhildar Örnu Gunnarsdóttur**

„Ágætu félagar,

Fjölmiðlaárið 2022 litaðist af eftirköstum kórónuveiru. Þetta er árið þar sem stríð geisar í Evrópu. Ríkisbanki seldur, verðbólgan fór á stjá og #MeToo gekk í endurnýjun lífdaga.

Ef við lítum til fjölmiðla er árið 2022 hugsanlega árið þar sem við kvöddum endanlega íslenska fjölmiðlaumhverfið eins og við höfum þekkt það nær alla þessa öld: Kvöddum samkeppni prentmiðla.

Við sáum sjálfstæðu fjölmiðlana Kjarnann og Stundina renna í einn. Við sáum landsbyggðarmiðilinn N4 leggja upp laupana nú í byrjun árs og Fréttablaðið – sem yfir 60% landsmanna las fyrir rúmum áratug – hætta frídreifingu og falla í rétt rúmlega 15% lestur. Sjálfstæðir íslenskir fjölmiðlar eiga undir högg að sækja. Á meðan stendur RÚV styrkum fótum undir verndarvæng ríkisins. Þessa stöðu má jafnvel sjá í tilnefningunum í ár.

Það eru sannarlega umbrotatímar í fjölmiðlum. Fjölmiðlamenn keppa við upplýsingaveitur sem lúta ekki siðareglum blaðamanna eða aðhaldi ritstjórna. Geta bara sagt. Fullyrt. Nú er tími þar sem blaðamenn þurfa að halda fast í fagmennsku sína. Sérstöðu. Um leið þurfa þeir að vara sig á sjálfsritskoðun sem er helsta ógn fjárþurfi fjölmiðla. Fjölbreytnin eflir lýðræðið.

Blaðamannaverðlaun í ár eru veitt í tuttugasta sinn. Þau hafa fest sig í sessi. Sannað gildi sitt. Á þessum árum hafa 76 verðlaun verið veitt fyrir 67 umfjallanir samkvæmt nýrri óbirtri úttekt Friðriks Guðmundssonar.

Nú uppskerum við og bætum í þennan hóp. Verðlaunum framúrskarandi verk. Verðlaunum handbragð blaðamannsins. Þessi dagur skiptir hvert og eitt okkar hér máli. Hann skiptir stétt okkar máli. Hann skiptir samfélagið máli.

Dómnefnd Blaðamannafélagsins er með breyttu sniði í ár. Við þökkum Óla Kr. Ármannssyni og Arndísi Þorgeirsdóttur samfylgdina í gegnum árin. Ný inn í ár: Jóhann Óli Eiðsson, Sunna Kristín Hilmarsdóttir og Þórir Guðmundsson. Auk þeirra þriggja Steinunn Stefánsdóttir og undirrituð, Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir.

Við berum ábyrgð á því að varpa ljósi á styrk íslenskra fjölmiðla. Sýna breiddina sem við búum yfir og gæðin í íslenskri blaðamennsku. Margar umfjallanir bönkuðu á dyrnar. Jafnvel margar frá hverjum blaðamanni. Gullmolar leyndust víða í tilfnefningunum. Valið var krefjandi en þessar tólf tilnefningar eru verðugir fulltrúar þeirra.

Rétt er að ítreka sem endranær að nefndarmenn huguðu samviskulega að hæfi sínu þegar kom að því að meta einstakar tilnefningar. Nú veitum við verðlaun í fjórum flokkum:

Fyrir Viðtal ársins, Rannsóknarblaðamennsku ársins, Umfjöllun ársins og Blaðamannaverðlaun ársins.

Þetta er hátíðarstund. Til hamingju með daginn.“

## Þessi hlutu verðlaunin í flokkunum fjórum

**Viðtal ársins:** Lillý Valgerður Pétursdóttir
**Umfjöllun ársins:** Þorsteinn J. Vilhjálmsson
**Rannsóknarblaðamennska ársins:** Helgi Seljan
**Blaðamannaverðlaun ársins:** Sunna Valgerðardóttir

## Umsagnir dómnefndar

*Viðtal ársins 2022*

**Lillý Valgerður Pétursdóttir**, fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar. Fyrir viðtal við Arnar Þór Ómarsson og Petru Bergrúnu Axelsdóttur, íbúa á Þórshöfn á Langanesi, um aðdraganda andláts Berglindar Bjargar Arnardóttur, tveggja ára dóttur þeirra, úr Covid-19. Frásögn Arnars og Petru af missinum er átakanleg, en lýsir að auki brotalömum í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Blaðamaðurinn nálgast erfitt viðfangsefni af fágun og sýnir viðmælendum virðingu.


Lillý Valgerður Pétursdóttir, Þorsteinn J. Vilhjálmsson, Sunna Valgerðardóttir og Helgi Seljan. Mynd: Eyþór

*Umfjöllun ársins 2022*
**Þorsteinn J. Vilhjálmsson**. Fyrir útvarpsþáttaröð á Rás 1 um kennarann og útvarpsmanninn Skeggja Ásbjarnarson og ofbeldi hans gegn börnum í Laugarnesskóla. Þættirnir voru meðal annars byggðir á áhrifamiklum viðtölum við brotaþola kennarans en einnig við aðra sem báru honum vel söguna. Í sex útvarpsþáttum tókst Þorsteini J. að draga upp ljóslifandi mynd af Skeggja, virðingarstöðu hans í samfélaginu og kynferðisbrotum gegn fjölmörgum drengjum, sem og andlegt ofbeldi gagnvart stúlkum í skólanum.

*Rannsóknarblaðamennska ársins 2022*
**Helgi Seljan**, Stundinni. Fyrir fréttaskýringar um Alexander Moshensky, kjörræðismann Íslands í Belarús (Hvíta-Rússlandi), og náin tengsl hans við Alexander Lukashenko, einræðisherra landsins. Rannsókn Helga leiddi meðal annars í ljós að íslensk stjórnvöld áttu mikil samskipti við fulltrúa Evrópuríkja eftir að Moshensky leitaði liðsinnis þeirra vegna boðaðra refsiaðgerða gegn honum en Moshensky er umfangsmikill kaupandi íslenskra sjávarafurða. Í kjölfar fréttaskýringanna var mál Moshenskys tekið upp í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis og utanríkisráðherra kallaður fyrir nefndina.

*Blaðamannaverðlaun ársins 2022*
**Sunna Valgerðardóttir**, RÚV/ fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar. Fyrir fréttaskýringar á miðlum Sýnar og RÚV. Í Kompási varpaði Sunna nýju ljósi á trúarofbeldi innan sértrúarsöfnuða sem og ýmissa hópa sem fást við andleg málefni, og afleiðingar þess. Þá gaf þáttur hennar um ópíóíðafíkn raunsanna mynd af heimi morfínfíknar. Seinni hluta árs hafði Sunna umsjón með uppbyggingu nýs fréttaskýringaþáttar, Þetta helst, á Rás 1 þar sem efnistök eru fjölþætt og oft nýstárleg.

## Þessi voru einnig tilnefnd:

*Umfjöllun ársins:*
**Hólmfríður Gísladóttir, Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir og Samúel Karl Ólason**, fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar, fyrir Úkraínuvaktina og Ingólfur Bjarni Sigfússon, RÚV, fyrir umfjöllun um flóttafólk frá Sýrlandi.

*Rannsóknarblaðamennska ársins:*
**Guðný Halldórsdóttir og Ingvar Haraldsson**, Viðskiptablaðinu, fyrir fréttaskýringar um styrktarsjóð Sonju de Zorilla og **Tryggvi Aðalbjörnsson**, RÚV, fyrir umfjöllun um öryggismál ferjunnar Baldurs.

*Blaðamannaverðlaun ársins:*
**Bogi Ágústsson**, RÚV, fyrir umfjöllun af erlendum vettvangi og **Sigrún Ósk Kristjánsdóttir**, Stöð 2, fyrir þættina Leitin að upprunanum.

*Viðtal ársins:*
**Sólveig Klara Ragnarsdóttir**, RÚV, fyrir viðtal við kynsegin ungmenni og foreldra þeirra og **Þórarinn Þórarinsson**, Fréttablaðinu, fyrir viðtal við Hrafn Jökulsson.

# MYNDIR ÁRSINS

**Sýningin Myndir ársins var í ár haldin í sal Ljósmyndasafns Reykjavíkur og stóð frá 29. apríl til 27. maí. Við hátíðlega athöfn á opnun sýningarinnar voru veitt verðlaun fyrir myndir ársins 2022 í sjö flokkum, auk bestu myndar ársins.**

Mynd ársins 2022 tók Hörður Sveinsson af Hugrúnu Geirsdóttur að lesa fyrir dætur sínar Heklu og Ingveldi. Umsögn dómnefndar um myndina:

„Daglegt líf á Íslandi fangað í sinni tærustu mynd, falleg stund þar sem sumar sólin er bæði blessun og vandræði. Skíman er notuð til að lýsa bókina en verður litlum augum ofviða þegar skal festa svefn. Ljósmyndarinn fangar þetta fallega augnablik á nærgætinn og fallegan hátt.“

Aðrir ljósmyndarar sem voru verðlaunaðir voru Heiða Helgadóttir, ljósmyndari Stundarinnar, sem átti fréttamynd ársins, portrett ársins og myndröð ársins, Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari Vísis, sem átti íþróttamynd ársins og umhverfismynd ársins, og Hallur Karlsson, sem átti mynd ársins í opnum flokki.

Á sýninguna Myndir ársins voru valdar 108 myndir frá 22 blaðaljósmyndurum og að auki voru valdar sigurmyndir í hverjum flokki. Dómnefndina í ár skipuðu John Moore, bandarískur verðlaunaljósmyndari sem starfar meðal annars fyrir Getty Images, en hann var formaður dómnefndar, Árni Torfason, Pjetur Sigurðsson, Haraldur Guðjónsson, Sigríður Ella Frímannsdóttir, Sigríður Kristín Birnudóttir og Íris Dögg Einarsdóttir.

Blaðaljósmyndarafélag Íslands var stofnað árið 1976 og starfar innan Blaðamannafélags Íslands.

Sýningin Myndir ársins hefur verið haldin síðan 1979 og er ein fjölsóttasta ljósmyndasýning landsins ár hvert. Stjórn Blaðaljósmyndarafélags Íslands í ár skipa Vilhelm Gunnarsson (formaður), Anton Brink, Eyþór Árnason, Hallur Karlsson, Hulda Margrét Óladóttir og Ragnhildur Aðalsteinsdóttir.



## MYND ÁRSINS / DAGLEGT LÍF

**Ljósmyndari:** Hörður Sveinsson

**Myndatexti:** Hugrún Geirsdóttir les fyrir dætur sínar, Heklu og Ingveldi.

**Rökstuðningur dómnefndar:** Daglegt líf á Íslandi er fangað í sinni tærustu mynd, falleg stund þar sem sumarsólin er bæði blessun og vandræði. Skíman er notuð til að lýsa bókina en verður litlum augum ofviða þegar skal festa svefn. Ljósmyndarinn fangar þetta fallega augnablik á nærgætinn og fallegan hátt.

# Verðlaunamyndir

## FRÉTTAMYND ÁRSINS

**Ljósmyndari:** Heiða Helgadóttir

**Myndatexti:** Mikill fjöldi menntskælinga mótmælti við Menntaskólann í Hamrahlíð til stuðnings þolendum kynferðisofbeldis og krafðist breytinga á viðbrögðum í slíkum málum.

**Rökstuðningur dómnefndar:**
Myndin fangar stórt fréttamál ársins á mjög áhrifaríkan hátt þegar unga fólkið tók málin í sínar hendur og vildi breytingar, þau lýstu veginn og eldri kynslóðir fylgdu. Myndin túlkar þessa atburðarás á mjög myndrænan hátt.






## ÍÞRÓTTAMYND ÁRSINS

**Ljósmyndari:** Vilhelm Gunnarsson

**Myndatexti:** Vonbrigðin leyndu sér ekki hjá Sveindísi Jane eftir tapleik Íslands gegn Portúgal í umspilsleik fyrir laust sæti á HM í Ástralíu.

**Rökstuðningur dómnefndar:**
Ísland var grátlega nærri því að komast á lokakeppni HM í Ástralíu. Myndin fangar einstaklega vel vonbrigði leikmanns Íslands. Það var hart barist í þessum leik. Allt lagt í sölurnar. En stundum er það því miður ekki nóg. En það er alltaf næst.

## OPINN FLOKKUR

**Ljósmyndari:** Hallur Karlsson

**Myndatexti:** Ávaxtakaka.

**Rökstuðningur dómnefndar:**
Myndin er einföld en samt í senn afskaplega flókin. Hvert einasta smáatriði undirbúið fyrir lokamómentið þegar hunangi er hellt yfir kökuna og ljósmyndarinn frystir það akkúrat á réttu augnabliki.





## PORTRETT ÁRSINS

**Ljósmyndari:** Heiða Helgadóttir

**Myndatexti:** Helgi Ás Helgason bassaleikari.

**Rökstuðningur dómnefndar:**
Einstakt portrett þar sem ljósmyndatækninni er beitt á nýstárlegan hátt til að túlka viðfangsefnið. Línurnar standa fyrir strengi bassans eða sveiflu tónlistarinnar eða eitthvað allt annað.

# Verðlaunamyndir

## UMHVERFISMYND ÁRSINS

**Ljósmyndari:** Vilhelm Gunnarsson

**Myndatexti:** Reynisfjara komst enn og aftur í fréttirnar en ekkert lát var á háskaleikjum ferðamanna í fjörunni. Erlendur ferðamaður lést í júní þegar alda hreif hann með sér úr fjörunni.

**Rökstuðningur dómnefndar:**
Brimið tekur á sig andlitsmynd. Ljósmyndarinn nær að fanga einstakt augnablik og þar með að segja á myndrænan hátt frá hættu sem býr í Reynisfjöru.












## MYNDARÖÐ ÁRSINS

**Ljósmyndari:** Heiða Helgadóttir

**Myndatexti:** „Að jörðu skaltu aftur verða“. Aðalsteinn Aðalsteinsson bóndi frá Vaðbrekku í Jökuldal lést 1. apríl 2022, 90 ára að aldri. Hann lét eftir sig eiginkonu sína til 64 ára, Sigríði Sigurðardóttur, sex uppkomin börn og stórfjölskyldu sem telur í dag um hundrað manns. Fjölskyldan sá um flest sem að andlátinu kom enda margir í fjölskyldunni heilbrigðisstarfsmenn. Útförin var gerð frá Egilsstaðakirkju og strax eftir athöfn keyrðu bræðurnir þrír með kistuna til Reykjavíkur í brennslu. Hinsta ósk Aðalsteins var að láta dreifa ösku sinni hjá Pabbasteini fyrir ofan bæinn sinn Vaðbrekku. Eftir langa ævi og farsælt ævistarf sameinaðist Aðalsteinn jörðinni sem hann unni svo mjög, umkringdur afkomendum sem ávallt voru mikilvægasta arfleifð hans.

**Rökstuðningur dómnefndar:**
Jarðarför er einstaklega persónuleg stund fyrir fjölskyldu og ekki oft sem ljósmyndarar fylgjast með þess háttar athöfn. Ljósmyndarinn kemur því til skila á einstaklega smekklegan og hjartnæman hátt.

# 20 ÁRA VERÐLAUNASAGA BLAÐAMANNAFÉLAGSINS

## Samantekt verðlauna og úrslitatilnefninga á vegum BÍ 2003-2022



**Friðrik Þór Guðmundsson**
sjálfstætt starfandi fræðimaður
tók saman

**Blaðamannafélag Íslands (BÍ) hefur haldið úti Verðlaunanefnd og árlegum verðlaunaveitingum nú í 20 ár og rétt að taka saman yfirlit yfir verðlaunaveitingarnar hingað til.**

Hér verður að jöfnu talað um verðlaunin sjálf og úrslitatilnefningarnar (þrjár í hverjum flokki í hvert sinn), enda úrslitatilnefning ekki miklu síðri heiður en að fá verðlaunin sjálf. Á árunum 2003-2011 voru 3 verðlaunaflokkar (og þá 9 úrslitatilnefningar hverju sinni), en frá árinu 2012 eru flokkarnir 4 (og þá 12 úrslitatilnefningar hvert ár).

### Verðlaunahafar

Alls hefur 71 umfjöllun verið verðlaunuð. Þar sem stundum eru fleiri en einn fjölmiðill/umfjöllun saman í tilnefningu er heildartala verðlauna þó 81. Á **töflu 1** má sjá hvernig verðlaunin 81 skiptast eftir fjölmiðlum. Á þessum 20 árum er RÚV efst á blaði með 19 verðlaun eða rúm 22%. Morgunblaðið (18%) og Stöð 2 (16%) eru ekki langt undan og þaðan er stutt í Fréttablaðið, sem nú er raunar illu heilli horfið af vettvangi. Rétt er hins vegar að hafa í huga, að næstir á blaði eru upprísandi yngri fjölmiðlar, Stundin og Kjarninn, sem aðeins hafa verið til helming þessara ára – og hafa nú sameinast undir nafninu Heimildin.

**Tafla 1: Skipting verðlauna á fjölmiðla 2003-2022**

| Fjölmiðlar | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| RÚV | 19 | 22.4% |
| Morgunblaðið | 14 | 18.4% |
| Stöð 2 | 14 | 15.8% |
| Fréttablaðið | 9 | 11.8% |
| Stundin | 8 | 9.2% |
| DV | 6 | 7.9% |
| Kjarninn | 4 | 5.3% |
| Annað | 7 | 9.2% |
| ALLS | **81** | **100%** |
| Fimm efstu | | 78% |
| Sjö efstu | | 95% |

### Úrslitatilnefningar

Úrslitatilnefningar hafa verið 204 og þar hafa 224 aðilar komið við sögu. Á **töflu 2** sést skipting þessara aðila. RÚV er þar efst á blaði með 54 tilnefningar eða 24%, nánast sama hlutfall og í verðlaununum sjálfum. Síðan koma Morgunblaðið með 42 (19%), Fréttablaðið með 30 (13%) og Stöð 2 með 30 (13%). Ef tillit er tekið til mismunandi starfstíma fjölmiðlanna og deilt í með árum sést að Stundin hefur frá 2013 ekki verið langt undan eldri risunum, með 2 úrslitatilnefningar hvert ár að meðaltali (RÚV með 2.7 og Morgunblaðið 2.1).

**Tafla 2: Skipting 204 úrslitatilnefninga á fjölmiðla 2003-2022**

| Fjölmiðlar | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| RÚV | 54 | 24.1% |
| Morgunblaðið | 42 | 18.7% |
| Fréttablaðið | 30 | 13.4% |
| Stöð 2 etc. | 30 | 13.4% |
| DV | 23 | 10.3% |
| Stundin | 19 | 8.5% |
| Kjarninn | 9 | 4.0% |
| Viðskiptablaðið | 4 | 1.8% |
| Mannlíf | 3 | 1.3% |

| | | |
|---|---|---|
| Annað | 10 | 4.5% |
| **ALLS** | **224** | **100%** |
| Fimm efstu | | 80% |
| Sjö efstu | | 92.4% |

** Í sumum tilfellum fleiri en einn fjölmiðill í sömu tilnefningu. 2003-2011 voru 3 verðl.flokkar, en 4 frá 2012.*

## Tveggja tímabila skipting – þróunin

20 ár eru ekki ýkja langur tími, en samt hafa orðið töluverðar breytingar á fjölmiðlaflórunni og í því sambandi athyglisvert að skipta heildinni í tvö 10 ára tímabil (2003-2012 og 2013-2022). Áberandi breyting milli tímabila er öflug innkoma Stundarinnar og Kjarnans (nú sameinuð í Heimildina) inn í tilnefningaheiminn, saman með 22% tilnefninga og 27% verðlauna á sl. 5 árum. DV hefur hins vegar horfið síðustu árin, með 9 tilnefningar 2013-2017 en bara 1 tímabilið 2018-2022. Hlutur RÚV hefur farið vaxandi, en hlutur Morgunblaðsins hefur talsvert minnkað milli 10 ára tímabilanna og raunar gerðist það í fyrsta skiptið í sögu Verðlauna BÍ nú síðast (vegna 2022) að Morgunblaðið fékk enga úrslitatilnefningu (af 12). Stór breyting fyrir framhaldið að öðru leyti er að Fréttablaðið verður ekki lengur í pottinum eftir næstu veitingu.

**Tafla 3: Skipting úrslitatilnefninga og verðlauna tvö tímabil**

| Fjölmiðlar | 2003 - 2012 | | 2013 - 2022 | | % 03 - 12 | % 13 - 22 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Tiln. | Verðl. | Tiln. | Verðl. | Tiln. | Tiln. |
| RÚV | 19 | 7 | 35 | 12 | 19% | 28% |
| Stöð 2/B/V | 13 | 8 | 17 | 6 | 13% | 14% |
| Morgunbl. | 26 | 8 | 16 | 6 | 26% | 13% |
| Fréttabl. | 15 | 5 | 15 | 4 | 15% | 12% |
| DV | 13 | 4 | 10 | 2 | 13% | 8% |
| Stundin | - | - | 19 | 7 | 0% | 15% |
| Kjarninn | - | - | 9 | 4 | 0% | 7% |
| Aðrir | 14 | 4 | 3 | 2 | 14% | 2% |

## Verðlaunakóngar/-drottningar

Á þessum 20 árum hafa ófáir blaðamenn verið tilnefndir og verðlaunaðir, en það sem getur skekkt upptalningu „verðlaunakónga“ er að af og til eru *heilu ritstjórnirnar* tilnefndar/verðlaunaðar. Með þennan fyrirvara í huga er fróðlegt að skoða þá blaðamenn sem flestar **úrslitatilnefningar** hafa fengið á þessu 20 ára tímabili, þ.e. þrisvar eða oftar. 19 talsins á listanum, þar af 4 konur (21%):

**Tafla 4. Blaðamenn m/flestar tilnefningar**

| | |
|---|---|
| 8 | Þórður Snær Júlíusson |
| 8 | Helgi Seljan |
| 7 | Jóhannes Kr. Kristjánsson |
| 7 | Ingi Freyr Vilhjálmsson |
| 6 | Magnús Halldórsson |
| 6 | Jóhann Páll Jóhannsson |
| 5 | Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir |
| 5 | Svavar Hávarðsson |
| 4 | Aðalsteinn Kjartansson |
| 4 | Sunna Ósk Logadóttir |
| 4 | Nadine Guðrún Yaghi |
| 4 | Ragnar Axelsson |
| 4 | Orri Páll Ormarsson |
| 4 | Viktoría Hermannsdóttir |
| 3 | Kristinn Hrafnsson |
| 3 | Freyr Rögnvaldsson |
| 3 | Reynir Traustason |
| 3 | Davíð Logi Sigurðsson |
| 3 | Sigmar Guðmundsson |

Athyglisvert að tveir af þessum tilnefningakóngum stéttarinnar eru í dag alþingismenn! Séu hins vegar **sjálf verðlaunin** skoðuð (tvenn verðlaun eða fleiri, sjá töflu 5) sést að Þórður Snær og Sunna Ósk eru efst á blaði með 4 verðlaun hvort, en Jóhannes Kr. Kristjánsson, Kristinn Hrafnsson, Helgi Seljan og Jóhann Páll Jóhannsson með þrenn verðlaun hver. Sem fyrr segir hafa heilu ritstjórnirnar stundum verið tilefndar og verðlaunaðar og staðfest að einstaklingar á þessum topplistum „eiga“ sumir í raun fleiri „dollur“ en hér kemur fram.

**Tafla 4. Blaðamenn m/flest verðlaun**

| | |
|---|---|
| 4 | Sunna Ósk Logadóttir |
| 4 | Þórður Snær Júlíusson |
| 3 | Jóhannes Kr. Kristjánsson |
| 3 | Kristinn Hrafnsson |
| 3 | Helgi Seljan |
| 3 | Jóhann Páll Jóhannsson |
| 2 | Ragnar Axelsson |
| 2 | Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir |
| 2 | Aðalsteinn Kjartansson |
| 2 | Nadine Guðrún Yaghi |
| 2 | Steindór Grétar Jónsson |
| 2 | Jón Bjarki Magnússon |

# YFIRLIT YFIR ALLAR ÚRSLITA-TILNEFNINGAR OG VERÐLAUN

Skoðum nú úrslitatilnefningar í hverjum flokki í tímaröð (verðlaunaðar umfjallanir alltaf taldar upp fyrst). Orðalag er almennt frá Verðlaunanefnd komið, en styttingar eru höfundar.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2003

**Brynhildur Ólafsdóttir, Stöð 2**, fyrir öfluga umfjöllun um varnarmál og boðaða brottför hersins.

**Guðrún Helga Sigurðardóttir, Frjálsri verslun**, fyrir kortlagningu á viðskiptaveldi Gaums, sem sett var fram á myndrænan og skýran hátt.

**Þórhallur Gunnarsson og Jóhanna Vilhjálmsdóttir, Stöð 2,** fyrir umfjöllun sína í Íslandi í bítið um kynlífsmarkaðinn hér á landi þar sem m.a. var flett ofan af ólöglegu vændi.

## Besta umfjöllun ársins 2003

**Reynir Traustason, Fréttablaðinu,** fyrir frumkvæði og heildstæða umfjöllun um rannsókn Samkeppnisstofnunar á samráði olíufélaganna.

**Agnes Bragadóttir og Ómar Friðriksson, Morgunblaðinu**, fyrir ítarlega umfjöllun um skattamál Jóns Ólafssonar.

**Unnur Hrefna Jóhannsdóttir, Mannlífi,** fyrir upplýsandi úttekt þar sem ljósi er varpað á þann grimma veruleika, sem HIV-smitaðir einstaklingar á Íslandi búa við.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2003

**Agnes Bragadóttir, Morgunblaðinu,** fyrir afhjúpandi greinaflokk sinn Baráttan um Íslandsbanka og hennar hlut í umfjöllun blaðsins um skattamál Jóns Ólafssonar.

**Björn Jóhann Björnsson, Morgunblaðinu,** fyrir hlutlæg og umfangsmikil skrif um stóriðju og virkjanamál á tilfinningaþrungnum umbrotatímum.

**Reynir Traustason, Fréttablaðinu,** fyrir beitt fréttaskrif og forystu í fréttaumfjöllun um samráð olíufélaganna og rannsókn Samkeppnisstofnunar.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2004

**Kristinn Hrafnsson, DV,** fyrir upplýsandi fréttir af örlögum íslensks drengs, Arons Pálma Ágústssonar, í fangelsi í Texas.

**Ómar Þ. Ragnarsson, RÚV – Fréttastofu Sjónvarps,** fyrir að draga fram ný og óvænt sjónarhorn um umhverfisáhrif stórvirkjunar við Kárahnjúka.

**Páll Benediktsson, RÚV – Í brennidepli,** fyrir umfjöllun um samfélag dósasafnara í Reykjavík.

## Besta umfjöllun ársins 2004

**Bergljót Baldursdóttir, RÚV – Fréttastofu útvarps, Morgunvaktinni,** fyrir ítarlega og fróðlega 12 þátta úttekt á stöðu og velferð aldraðra.

**Þórhallur Jósepsson, RÚV - Fréttastofu útvarps,** fyrir umfjöllun um Impregilo og starfsmannamál þess við Kárahnjúka.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2004

**Árni Þórarinsson, Morgunblaðinu,** fyrir fréttaskýringu um forsetatíð Ólafs Ragnars Grímssonar í aðdraganda forsetakosninganna árið 2004.

**Gunnar Hersveinn, Morgunblaðinu/19. júní,** fyrir athyglisverð skrif um mannlíf á sviði jafnréttis-, uppeldis- og menntamála.

**Sigríður Dögg Auðunsdóttir, Fréttablaðinu,** fyrir vandaðar og ítarlegar úttektir sem settar eru fram á myndrænan og skýran hátt.

## Besta umfjöllun ársins 2005

**Sunna Ósk Logadóttir, Morgunblaðinu,** fyrir greinaflokk um Landspítala – háskólasjúkrahús.

**Auðunn Arnórsson, Jóhann Hauksson og Svanborg Sigmarsdóttir, Fréttablaðinu,** fyrir upplýsandi og vandaða umfjöllun um ýmsar hliðar stjórnarskrármálsins.

**Sigmar Guðmundsson, Kastljósinu, RÚV,** fyrir umfjöllun um uppljóstranir um kynferðislegt ofbeldi.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2005

**Sigríður Dögg Auðunsdóttir, Fréttablaðinu,** fyrir úttekt á einkavæðingu ríkisbankanna og fréttaskrif um aðkomu áhrifamanna í aðdraganda málaferla gegn forsvarsmönnum Baugs.

**Anna G. Ólafsdóttir, Morgunblaðinu,** fyrir greinaflokk um fátækt og bresti í íslensku velferðarsamfélagi.

**Jóhannes Kr. Kristjánsson, NFS,** fyrir umfjöllun í Kompási um sívaxandi hlut „læknadóps“ á fíkniefnamarkaði.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2005

**Gerður Kristný Guðjónsdóttir blaðamaður,** fyrir skrif á sögu Thelmu Ásdísardóttur, „Myndin af pabba“.

**Davíð Logi Sigurðsson, Morgunblaðinu,** fyrir skrif um Afganistan, alþjóðasamstarf og stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna.

**Jón Björgvinsson, fréttaritari Útvarpsins,** fyrir lifandi fréttaflutning af vettvangi heimsviðburða á hamfarasvæðum.

## Besta umfjöllun ársins 2006

**Auðunn Arnórsson, Fréttablaðinu,** fyrir umfjöllun um Evrópumál í greinaflokknum „Ísland og Evrópusambandið."

**Jóhanna Vilhjálmsdóttir, Kastljósi,** fyrir greiningu á orðræðu stjórnmálamanna um skattkerfið og þróun þess.

**Sigríður Víðis Jónsdóttir, Morgunblaðinu,** fyrir greinaflokk um úrræði í skólakerfinu fyrir börn með hegðunarfrávik og geðraskanir.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2006

**Jóhannes Kr. Kristjánsson, Kompási,** fyrir bæði málefni barnaníðinga og um málefni Byrgisins.

**Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, Blaðinu,** fyrir fréttaröð í Fréttablaðinu um margfaldan verðmun á samheitalyfjum milli Íslands og Danmerkur.

**Henry Birgir Gunnarsson, Fréttablaðinu,** fyrir fréttaskrif þar sem upplýst er um mikinn mun á launum og kjörum karla og kvenna í A-landsliðum Íslands í knattspyrnu.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2006

**Davíð Logi Sigurðsson, Morgunblaðinu.** Davíð Logi var fyrstur íslenskra blaðamanna til að heimsækja Guantanamo-fangabúðirnar á Kúbu og skrifaði um þær lýsandi greinar.

**Halldór Baldursson, Blaðinu og Viðskiptablaðinu,** fyrir skop- og ádeiluteikningar sínar og túlkun á fréttnæmum íslenskum þjóðfélagsviðburðum.

**Kolbrún Bergþórsdóttir, Blaðinu,** fyrir mannlífsviðtöl og menningarskrif.

## Besta umfjöllun ársins 2007

**Jóhannes Kr. Kristjánsson og Kristinn Hrafnsson, Stöð 2,** fyrir umfjöllun í Kompási um byssur á svörtum markaði á Íslandi, um ástandið í Írak og um heilablóðfall.

**Baldur Arnarson, Morgunblaðinu,** fyrir röð frétta og fréttaskýringa um svifryk, áhrif svifryksmengunar og hvað sé helst til ráða til að sporna við henni.

**Kristín Sigurðardóttir, Fréttastofu Útvarpsins,** fyrir röð frétta um gjaldtöku bankanna vegna svokallaðs „fit–kostnaðar".

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2007

**Þóra Tómasdóttir og Sigmar Guðmundsson, Sjónvarpinu,** fyrir umfjöllun sína í Kastljósi um meðferð og örlög drengja sem vistaðir voru á uppeldisheimilinu í Breiðavík.

**Ritstjórn DV,** Sigurjón M. Egilsson, Valur Grettisson, Anna Kristine Magnúsdóttir, Sigtryggur Ari Jóhannsson, Hjördís Rut Sigurjónsdóttir, Valgeir Örn Ragnarsson, Jakobína Davíðsdóttir og Kristján Hrafn Guðmundsson, fyrir umfjöllun sína um meðferð barna og unglinga í Breiðavík og á öðrum vistheimilum ríkisins.

**Tvær af tilnefningunum deildu með sér verðlaununum.** Annars vegar ritstjórn DV og hins vegar Þóra Tómasdóttir og Sigmar Guðmundsson, Sjónvarpinu.

**Svavar Hávarðsson, Fréttablaðinu,** fyrir víðtæk fréttaskrif um sjóöryggi á siglingaleiðum við Suður- og Suðvesturland.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2007

**Kristján Már Unnarsson, Stöð 2,** fyrir fréttir úr hversdagslífi á landsbyggðinni.

**Pétur Blöndal, Morgunblaðinu,** fyrir fréttaskýringu og umfjöllun um REI-málið og ýmsar pólitískar hliðar þess.

**Óli Kristján Ármannsson, Fréttablaðinu,** fyrir upplýsandi skrif um efnahagsmál og viðskipti.

## Besta umfjöllun ársins 2008

**Ragnar Axelsson og Önundur Páll Ragnarsson, Morgunblaðinu,** fyrir umfjöllun um virkjunarkosti á Íslandi.

**Baldur Arnarson, Morgunblaðinu,** fyrir greinaflokkinn Ný staða í norðri.

**Brjánn Jónasson, Fréttablaðinu,** fyrir skrif um framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2008

**Sigurjón M. Egilsson, Mannlífi og Bylgjunni,** fyrir greinar um íslenskt efnahagsástand.

**Atli Már Gylfason og Trausti Hafsteinsson, DV,** fyrir umfjöllun um kynþáttafordóma meðal ungs fólks á Suðurnesjum.

**Brynjólfur Þór Guðmundsson og Erla Hlynsdóttir, DV,** fyrir greiningu á eftirlaunum ráðamanna og áhrifum eftirlaunafrumvarpsins.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2008

**Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, mbl.is,** fyrir fréttaskrif sem sýna og sanna að hin sígildu grundvallaratriði góðrar blaðamennsku eru óháð tegund fjölmiðils.

**Jóhann Hauksson, DV,** fyrir fréttaskrif og umfjöllun um mikilvæg þjóðfélagsmál.

**Sigrún Davíðsdóttir, RÚV – Speglinum,** fyrir pistla þar sem nýjum hliðum á fjölmörgum málum var velt upp.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2009

**Þórður Snær Júlíusson, Viðskiptablaðinu (áður Mbl),** fyrir upplýsandi fréttir og greinaflokka um aflandsfélög og skattaskjól, einkavæðingu bankanna og umsvifamikil viðskipti stórfyrirtækja.

**Guðný Helga Herbertsdóttir, Stöð 2,** fyrir umfjöllun um skattalega meðferð mála í tengslum við fjármálakreppuna og fleira tengt hruninu.

**Ingi Fr. Vilhjálmsson, DV,** fyrir skrif um kúlulán og afhjúpandi fréttir um viðskiptahætti auðmanna og stórfyrirtækja.

## Besta umfjöllun ársins 2009

**Lóa Pind Aldísardóttir, Stöð 2,** fyrir umfjöllun um flókin mál.

**Magnús Halldórsson, Ragnar Axelsson ásamt Ágústi Inga Jónssyni, Morgunblaðinu,** fyrir umfjöllun um erfitt ástand á fasteignamarkaði á Íslandi.

**Svavar Hávarðsson, Fréttablaðinu,** fyrir fréttaskýringarflokk um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2009

**Jóhann Hauksson, DV,** fyrir leiðandi umfjöllun um fall og myndun ríkisstjórna og fréttaskýringar um mikilvæg þjóðfélagsmál.

**Gunnar Karlsson, Fréttablaðinu**, fyrir „Spottið“ og **Halldór Baldursson, Morgunblaðinu,** fyrir „Halldór“, áhrifamiklar teikningar þar sem brennandi samfélagsmál eru sett í skoplegt ljós.

**Þóra Arnórsdóttir, Kastljósi RÚV,** fyrir viðtöl við innlenda og erlenda sérfræðinga um ýmis málefni.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2010

**Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir DV,** fyrir umfjöllun um kynferðisbrotamál og forystu um skrif á þessu sviði, svo sem um biskupsmálið.

**Stígur Helgason og Trausti Hafliðason, Fréttablaðinu,** fyrir umfjöllun um málefni meðferðarheimilisins Árbótar.

**Þorbjörn Þórðarson, Stöð 2,** fyrir fréttaflutning af viðskipta- og fjármálum.

## Besta umfjöllun ársins 2010

**Fréttastofa RÚV, Fréttastofu Stöðvar 2 og Ritstjórn Morgunblaðsins,** fá sameiginlega tilnefningu fyrir umfjöllun um eldgosin á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli.

**Magnús Halldórsson Viðskiptablaðinu,** fyrir umfjöllun um fjármál sveitarfélaga í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga.

**Sigríður H. Björnsdóttir og Þóra Arnórsdóttir ásamt fréttamönnum fréttastofu RÚV og Kastljóss,** fyrir sérstakan þátt um Rannsóknarskýrslu Alþingis daginn sem hún kom út.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2010

**Kristinn Hrafnsson, RÚV/WikiLeaks,** fyrir úrvinnslu á myndbandi um þyrluárás í Bagdad sem hann vann ásamt Inga R. Ingasyni. Einnig fyrir störf hans sem fulltrúi WikiLeaks.

**Pétur Blöndal, Morgunblaðinu,** fyrir greinar um læknavísindi.

**Ritstjórn DV,** fyrir Stjórnlagaþingsvef sinn.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2011

**Jón Björgvinsson, RÚV,** fyrir einstakan fréttaflutning af vettvangi „arabíska vorsins“ í Norður-Afríku.

**Helgi Bjarnason, Morgunblaðinu,** fyrir fréttaflutning af nýjungum í atvinnulífi og íbúaþróun á Vestfjörðum og í landbúnaði.

**Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, DV,** fyrir skrif um samfélagsvandamál, svo sem kynbundið ofbeldi.

## Umfjöllun ársins 2011

**Helga Arnardóttir, Stöð 2,** fyrir umfjöllun um endurupptöku Geirfinnsmálsins m.a. á grundvelli nýrra gagna.

**Skapti Hallgrímsson, Morgunblaðinu,** fyrir umfjöllun um Helgu Sigríði Sigurðardóttur sem fékk hjartaáfall 12 ára gömul 2010.

**Þóra Tómasdóttir, Fréttatímanum,** fyrir umfjöllun um ofbeldi innan veggja Landakotsskóla.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2011

**Svavar Hávarðsson, Fréttablaðinu**, fyrir fréttaflutning af mengun vegna díoxíns frá sorpbrennslum í Skutulsfirði, á Kirkjubæjarklaustri og í Vestmannaeyjum.

**Ingi Freyr Vilhjálmsson, DV,** fyrir fréttaflutning af uppgjöri og afleiðingum fjármálahrunsins.

**Jóhannes Kr. Kristjánsson, Kastljósi,** fyrir umfjöllun um læknadóp, útbreiðslu þess og skelfilegar afleiðingar.

## Umfjöllun ársins 2012

**Sunna Valgerðardóttir, Fréttablaðinu,** fyrir röð fréttaskýringa um stöðu geðfatlaðra.

**Egill Ólafsson, mbl.is (Morgunblaðinu),** fyrir fréttaflutning af illviðri og snjókomu í september 2012.

**Kristjana Guðbrandsdóttir, DV,** fyrir greinaflokk um einhverfu.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2012

**Jóhann Bjarni Kolbeinsson, fréttastofu RÚV,** fyrir umfjöllun um kadmíum í áburði annars vegar og notkun iðnaðarsalts í matvælum hins vegar.

**Andri Ólafsson, Stöð 2,** fyrir fréttir af aðkallandi fjárhagsvanda hjúkrunarheimilisins EIR.

**Jóhannes Kr. Kristjánsson, Kastljósi,** fyrir að draga fram óbirtar skýrslur Ríkisendurskoðunar um bókhaldskerfi ríkisins og fyrir að varpa, ásamt Helga Seljan, ljósi á umdeild atriði.

## Viðtal ársins 2012

**Sigmar Guðmundsson, Kastljósi,** fyrir viðtal við Eirík Inga Jóhannsson, sjómann sem komst lífs af þegar togarinn Hallgrímur fórst.

**Anna Brynja Baldursdóttir, Vikunni,** fyrir viðtal við Agnesi M. Sigurðardóttur, biskup.

**Skapti Hallgrímsson, Morgunblaðinu,** fyrir viðtal við eistneska tónlistarmanninn Valmar Valjaots.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2012

**Ragnar Axelsson, Morgunblaðinu,** fyrir umfjöllun og myndir af bráðnunarpollum á Grænlandsjökli.

**Ingi Freyr Vilhjálmsson, DV,** fyrir umfjöllun um fiskveiðar Íslendinga við Afríku og um viðskipti og uppgjör í kjölfar hrunsins.

**Una Sighvatsdóttir, Morgunblaðinu,** fyrir greinaflokkinn Váin á vegum.

## Viðtal ársins 2013

**Stígur Helgason, Fréttablaðinu**, fyrir viðtal við Maríu Rut Kristinsdóttur.

**Kristjana Guðbrandsdóttir, DV,** fyrir viðtal við Gunnar Smára Egilsson.

**Orri Páll Ormarsson, Morgunblaðinu,** fyrir viðtal við Eyþór Eyjólfsson.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2013

**Jón Bjarki Magnússon og Jóhann Páll Jóhannsson, DV,** fyrir umfjöllun um hælisleitendur.

**Eva Bjarnadóttir, Fréttablaðinu,** fyrir umfjöllun um sjálfræðissviptingu og nauðungarvistun geðsjúkra.

**Ægir Þór Eysteinsson, Kjarnanum,** fyrir samantekt á rekstri, starfsháttum og lánveitingum Sparisjóðs Keflavíkur.

## Umfjöllun ársins 2013

**Ritstjórn Kastljóss,** fyrir umfjöllun um kynferðisbrot og afleiðingar þeirra með afhjúpun á brotum Karl Vignis Þorsteinssonar.

**Fréttastofa 365,** fyrir fréttaflutning af skotárás í Hraunbæ.

**Ritstjórn RÚV,** fyrir umfangsmikla umfjöllun fyrir Alþingiskosningarnar 2013 þar sem tókst að koma sjónarmiðum allra 15 framboða á framfæri og gera baráttumál þeirra aðgengileg almenningi á þann hátt sem mikilvægt er í lýðræðisríki.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2013

**Bergljót Baldursdóttir, Fréttastofu RÚV**, fyrir umfjöllun um vísindastörf og rannsóknir.

**Helgi Seljan, Kastljósi RÚV,** fyrir umfjöllun um fjármál, heilbrigðismál og lögreglu- og fangelsismál.

**Svavar Hávarðsson, Fréttablaðinu,** fyrir vönduð skrif um ólík efni, s.s. vandamál tengd virkjun háhitasvæða, síldardauða í Kolgrafafirði og raforkusölu Íslands til Evrópulanda um sæstreng.

## Viðtal ársins 2014

**Ólöf Skaftadóttir, Fréttablaðinu.** Viðtal við tvíburabræðurna Kára og Halldór Auðar- og Svanssyni.

**Indíana Hreinsdóttir, DV.** Viðtal við Stefán Hilmarsson.

**Júlía Margrét Alexandersdóttir, Morgunblaðinu.** Viðtal við Þorstein J. Vilhjálmsson.

## Umfjöllun ársins 2014

**Ritstjórn mbl.is.** Umfjöllun um stórbrunann í Skeifunni.

**Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, DV.** Umfjöllun um Alzheimer og heilabilun.

**Sigurður Mikael Jónsson, DV.** Umfjöllun um neytendamál.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2014

**Jóhann Páll Jóhannsson og Jón Bjarki Magnússon, DV.** Umfjöllun um lekamálið, sem endaði með afsögn ráðherra.

**Magnús Halldórsson, Ægir Þór Eysteinsson og Þórður Snær Júlíusson, Kjarnanum.** Umfjöllun um sölu Landsbankans á Borgun.

**Viktoría Hermannsdóttir, Fréttablaðinu.** Umfjöllun um innflytjendur og áhrifarík viðtöl.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2014

**Helgi Seljan, Kastljósi.** Umfjöllun um MS og uppruna vöru.

**Garðar Örn Úlfarsson, Fréttablaðinu, og Þorbjörn Þórðarson, Stöð 2.** Umfjöllun um flugslysið við Akureyri.

**Hrund Þórsdóttir, Stöð 2.** Umfjöllun um lyfjamistök.

## Viðtal ársins 2015

**Snærós Sindradóttir, Fréttablaðinu,** fyrir viðtal við Einar Zeppelin Hildarson.

**Helgi Bjarnason, Morgunblaðinu,** fyrir viðtal við Þröst Leó Gunnarsson um sjóslys úti af Aðalvík sumarið 2015.

**Reynir Traustason, Stundinni,** fyrir viðtal við Ástu Kristínu Andrésdóttur hjúkrunarfræðing sem sökuð var um manndráp af gáleysi.

## Umfjöllun ársins 2015

**Gísli Einarsson, Ingólfur Bjarni Sigfússon, Karl Sigtryggsson og Ragnar Santos, fréttastofu RÚV,** fyrir umfjöllun um flóttamannavandann sem geisar í Evrópu.

**Helgi Seljan, Kastljósi RÚV,** fyrir umfjöllun um nauðganir, áreitni og ofbeldi gagnvart þroskahömluðum konum.

**Kristjana Björg Guðbrandsdóttir og Viktoría Hermannsdóttir, Fréttablaðinu,** fyrir umfjöllun um mansal og bresti í aðgerðaáætlun stjórnvalda.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2015

**Sunna Ósk Logadóttir, Morgunblaðinu/mbl.is,** fyrir heimsókn sína til Líbanon.

**Hörður Ægisson, DV,** fyrir umfjöllun um slitabú föllnu bankanna, vogunarsjóðina sem þá keyptu sem og útgöngusamninga þeirra við íslensk stjórnvöld.

**Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, Stundinni,** fyrir umfjöllun um kynbundið ofbeldi.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2015

**Magnús Halldórsson, Kjarnanum,** fyrir umfjöllun um sölu á hlutum Landsbankans í Borgun í lokuðu söluferli.

**Ingi Freyr Vilhjálmsson, Stundinni,** fyrir umfjöllun um fjárhagsleg tengsl Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra við fyrirtækið Orka Energy.

**Kolbeinn Tumi Daðason, 365 miðlum,** fyrir umfjöllun um óánægju lögreglumanna með störf lögreglufulltrúa í fíkniefnadeild.

## Viðtal ársins 2016

**Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, Stundinni,** fyrir viðtal við Berglindi Ósk Guðmundsdóttur sem segir sögu systur sinnar, Kristínar Gerðar, sem svipti sig lífi.

**Auður Ösp Guðmundsdóttir, DV,** fyrir viðtal við Margréti Fenton um örlög dóttur hennar, Söndru Sigrúnar, sem afplánar nú 37 ára fangelsi fyrir vopnuð rán í Bandaríkjunum.

**Helgi Seljan, Kastljósi RÚV,** fyrir viðtal við hjónin Sigríði Eyrúnu Friðriksdóttur og Karl Olgeirsson um barnsmissi sem þau urðu fyrir vegna mistaka í fæðingu á Landspítalanum.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2016

**Tryggvi Aðalbjörnsson, RÚV,** fyrir umfjöllun um brot Brúneggja ehf., svik við neytendur og máttleysi eftirlitsstofnana til að takast á við brotin.

**Hörður Ægisson, DV,** fyrir umfjöllun um milljarða bónusgreiðslur slitastjórna Kaupþings og ALMC.

**Þórður Snær Júlíusson, Kjarnanum,** fyrir fréttaskýringar um skiptingu auðs á Íslandi.

## Umfjöllun ársins 2016

**Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, Stöð 2,** fyrir þáttaröðina Leitin að upprunanum.

**Guðrún Hálfdánardóttir, Mbl.is,** fyrir fréttaskýringar um Sýrland og flóttamenn þaðan.

**Svavar Hávarðsson, Fréttablaðinu,** fyrir fréttaröð um náttúruperluna Mývatn.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2016

**Jóhannes Kr. Kristjánsson, Reykjavík Media,** fyrir rannsóknir á þeim hluta Panamaskjalanna sem vörðuðu íslenska hagsmuni.

**Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir, RÚV,** fyrir umfjöllun um íslensk stjórnmál og fréttaskýringar af störfum Alþingis.

**Ragnar Axelsson og Orri Páll Ormarsson, Morgunblaðinu,** fyrir umfjöllun um áhrif loftslagsbreytinga á Norðurslóðum.

## Viðtal ársins 2017

**Viktoría Hermannsdóttir, RÚV,** fyrir viðtal við Árna Jón Árnason í þættinum „Á ég bróður á Íslandi?“.

**Jóhann Páll Jóhannsson, Stundinni,** fyrir viðtal við Sigurlaugu Hreinsdóttur, móður Birnu Brjánsdóttur, sem var myrt.

**Júlía Margrét Alexandersdóttir, Morgunblaðinu,** fyrir viðtal við Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur um sjálfsvíg eiginmanns hennar.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2017

**Alma Ómarsdóttir, RÚV.** Fyrir umfjöllun um „uppreist æru“-málið.

**Hörður Ægisson, Fréttablaðinu,** fyrir umfjöllun um viðskipti með hlutafé í Arion banka.

**Ingi Freyr Vilhjálmsson, Jóhann Páll Jóhannsson og Jóhannes Kr. Kristjánsson, Stundinni,** fyrir umfjöllun um viðskipti Bjarna Benediktssonar og fjölskyldu og náin tengsl við Glitni í aðdraganda bankahruns.

## Umfjöllun ársins 2017

**Sunna Ósk Logadóttir, Morgunblaðinu,** fyrir að reifa hvernig raforkuþurrð kallar á ákvarðanir um hvort draga þurfi úr notkun eða virkja meira.

**Jóhann Bjarni Kolbeinsson, RÚV,** fyrir umfjöllun um átakanlegar aðstæður þeirra barna sem bjuggu á Kópavogshælinu á árunum 1952-1993.

**Kjartan Hreinn Njálsson, Stöð 2/365,** fyrir umfjöllun um CRISPR/Cas9-erfðatæknina og hvernig íslenskir vísindamenn beita henni til að þróa ný lyf.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2017

**Ritstjórn Stundarinnar,** fyrir umfjöllun um uppreist æru kynferðisbrotamanna.

**Magnús Halldórsson, Þórður Snær Júlíusson og Þórunn Elísabet Bogadóttir, Kjarnanum,** fyrir umfjöllun um tillögur dómsmálaráðherra til Alþingis um skipan í stöður dómara við hið nýja dómsstig Landsrétt.

**Sigríður Hagalín Björnsdóttir, RÚV,** fyrir umfjöllun um konur sem fengu mótmælendur að heimilum sínum í kjölfar hrunsins.

## Viðtal ársins 2018

**Ragnheiður Linnet, Mannlífi,** fyrir viðtal við Merhawit Baryamikael Tesfaslase, ekkju plastbarkaþegans, Andemariam Beyene.

**Jóhann Páll Jóhannsson, Stundinni,** fyrir viðtal við Báru Halldórsdóttur sem steig fram í kjölfar þess að hafa tekið upp hatursorðræðu þingmanna á Klausturbar og sent fjölmiðlum til úrvinnslu.

**Milla Ósk Magnúsdóttir, RÚV,** fyrir viðtal við hjón sem misstu son sinn vegna ofneyslu fíkniefna.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2018

**Freyr Rögnvaldsson og Steindór Grétar Jónsson, Stundinni,** fyrir umfjöllunina *Landið sem auðmenn eiga.*

**Helgi Seljan, RÚV,** fyrir fréttaskýringu um stöðu erlendra verkamanna og sjálfboðaliða.

**Ingólfur Bjarni Sigfússon, RÚV,** fyrir fréttaskýringu um vopnaflutninga Air Atlanta.

## Umfjöllun ársins 2018

**Aðalheiður Ámundadóttir, Fréttablaðinu,** fyrir umfjöllun um forsögu, endurupptöku og eftirmál Guðmundar- og Geirfinnsmála.

**Guðrún Hálfdánardóttir, Morgunblaðinu/Mbl.is,** fyrir greinaflokkinn Gætt að geðheilbrigði.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Stundinni,** fyrir umfjöllun með frásögnum átta kvenna sem opinbera bitleysi nálgunarbanns sem úrræðis í heimilisofbeldismálum.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2018

**Þórður Snær Júlíusson, Kjarnanum,** fyrir bókina Kaupthinking.

**Sigríður Halldórsdóttir, RÚV,** fyrir umfjöllun um óábyrga notkun plasts.

**Viktoría Hermannsdóttir og Þórhildur Ólafsdóttir, RÚV,** fyrir útvarpsþáttaröðina Kverkatak.

## Besta umfjöllun 2019

**Alma Mjöll Ólafsdóttir, Jóhann Páll Jóhannsson, Margrét Marteinsdóttir, og Steindór Grétar Jónsson, Stundinni,** fyrir umfjöllun um hamfarahlýnun.

**Arnhildur Hálfdánardóttir, RÚV,** fyrir þáttaröðina Loftslagsþerapían.

**Magnús Halldórsson og Þórður Snær Júlíusson, Kjarnanum,** fyrir umfjöllun um efnahagsmál.

## Viðtal ársins 2019

**Erla Björg Gunnarsdóttir, Nadine Guðrún Yaghi, og Jóhann K. Jóhannsson, Kompási, Fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar,** fyrir viðtal og umfjöllun um barn sem var lokað inni á heimili með geðveikri móður.

**Orri Páll Ormarsson, Morgunblaðinu,** fyrir viðtal við Sævar Þór Jónsson lögmann.

**Ari Brynjólfsson, Fréttablaðinu,** fyrir viðtal við fjóra erlenda vagnstjóra.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2019

**Aðalsteinn Kjartansson, Helgi Seljan, Ingi Freyr Vilhjálmsson og Stefán Drengsson, Kveik og Stundinni,** fyrir umfjöllun um Samherjamálið.

**Aðalsteinn Kjartansson og Stefán Drengsson, Kveik,** fyrir umfjöllun um Procar-málið.

**Stefán Einar Stefánsson, Morgunblaðinu,** fyrir bókina „Wow, ris og fall flugfélags“ ásamt fréttum og fréttaskýringum um sama mál í Viðskipta-Mogganum.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2019

**Arnar Páll Hauksson, Speglinum, RÚV,** fyrir umfjöllun um kjaramál.

**Guðrún Hálfdánardóttir, mbl.is,** fyrir greinaflokkinn Skóli fyrir alla.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Stundinni,** fyrir vönduð viðtöl og umfjallanir.

## Umfjöllun ársins 2020

**Sunna Ósk Logadóttir, Bára Huld Beck, Þórður Snær Júlíusson, Arnar Þór Ingólfsson og Jónas Atli Gunnarsson, Kjarnanum,** fyrir umfjöllun um eldsvoðann á Bræðraborgarstíg 1 og margháttaðar afleiðingar hans.

**Birta Björnsdóttir og Guðmundur Björn Þorbjörnsson, RÚV,** fyrir umfjöllun af erlendum vettvangi í þáttunum Heimskviðum.

**Erla Björg Gunnarsdóttir og Nadine Guðrún Yaghi, Fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar,** fyrir umfjöllun Kompáss um dulinn vanda kvenna með þroskahömlun sem leiðst hafa út í vændi.

## Viðtal ársins 2020

**Orri Páll Ormarsson, Morgunblaðinu,** fyrir viðtal við Ingva Hrafn Jónsson.

**Erla Hlynsdóttir, DV,** fyrir áhrifamikið viðtal við Elísabetu Ronaldsdóttur þar sem lýst er alvarlegu ofbeldi í nánu sambandi.

**Hlédís Maren Guðmundsdóttir, Stundinni,** fyrir viðtal við fjórar ungar íslenskar konur sem eiga rætur að rekja til Asíu og lýsa fordómum í sinn garð.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2020

**Nadine Guðrún Yaghi, Fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar,** fyrir umfjöllun um afdrifarík mistök sem gerð voru við greiningar á leghálssýnum hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins.

**Aðalsteinn Kjartansson, Helgi Seljan og Stefán Drengsson, RÚV,** fyrir fréttaskýringarþátt um afdrif tveggja gámaflutningaskipa sem Eimskip seldi í gegnum millilið til niðurrifs í Indlandi.

**Freyr Rögnvaldsson og Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson, Stundinni,** fyrir fréttaflutning um plastmengun í Krýsuvík vegna moltudreifingar umhverfisfyrirtækisins Terra.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2020

**Þórhildur Þorkelsdóttir, RÚV,** fyrir fréttaflutning og viðtöl í tengslum við erfið og oft viðkvæm mál.

**Hólmfríður Dagný Friðjónsdóttir, RÚV,** fyrir umfjöllun um atvinnuleysi þar sem tekið var á sálrænum, félagslegum

og fjárhagslegum afleiðingum þess í skugga heimsfaraldurs COVID-19.

**Sunna Karen Sigurþórsdóttir, Fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar,** fyrir fréttir beint af vettvangi af aurskriðunum á Seyðisfirði og afleiðingum þeirra.

## Viðtal ársins 2021

**Ásdís Ásgeirsdóttir, Morgunblaðinu,** fyrir viðtal við Óla Björn Pétursson.

**Björk Eiðsdóttir, Fréttablaðinu,** fyrir viðtal við Sigríði Gísladóttur.

**Ingi Freyr Vilhjálmsson, Stundinni,** fyrir viðtal við Ásgeir Jónsson seðlabankastjóra.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2021

**Arnar Þór Ingólfsson og Þórður Snær Júlíusson, Kjarnanum,** fyrir fréttaskýringar þar sem ljóstrað var upp um óeðlilega hagsmunagæslu svokallaðrar Skæruliðadeildar Samherja.

**Birgir Olgeirsson, Nadine Guðrún Yaghi ásamt Erlu Björgu Gunnarsdóttur, Stöð 2, Bylgjunni og Vísi,** fyrir fréttaskýringaþættina Kompás um undirheima Íslands þar sem lýst er baráttu við skatt- og bótasvik.

**Aðalheiður Ámundadóttir, Fréttablaðinu,** fyrir fréttaskýringar um dómaframkvæmd Landsréttar í nauðgunarmálum.

## Umfjöllun ársins 2021

**Sunna Karen Sigurþórsdóttir, Stöð 2, Bylgjunni og Vísi,** fyrir umfjöllun um tilefnislausar lífslokameðferðir af hálfu læknis á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

**Freyr Rögnvaldsson og Margrét Marteinsdóttir, Stundinni,** fyrir umfjöllun um harðræði gagnvart börnum á vistheimilum í Eyjafirði um tíu ára skeið til 2007.

**Þórdís Arnljótsdóttir, RÚV,** fyrir umfjöllun um jarðhræringar og eldgos í Fagradalsfjalli.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2021

**Aðalsteinn Kjartansson, Stundinni,** fyrir umfjöllun um fjölda mála, svo sem greiningu á eignum og eignatengslum íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja.

**Arnhildur Hálfdánardóttir, RÚV,** fyrir gagnrýna og fræðandi umfjöllun um loftslagsmál.

**Berghildur Erla Bernharðsdóttir, fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar,** fyrir umfjöllun um barnaheimilið á Hjalteyri.

## Viðtal ársins 2022

**Lillý Valgerður Pétursdóttir, fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar,** fyrir viðtal við Arnar Þór Ómarsson og Petru Bergrúnu Axelsdóttur, íbúa á Þórshöfn á Langanesi.

**Sólveig Klara Ragnarsdóttir, RÚV,** fyrir viðtal við kynsegin ungmennin Dagbjörtu Heiðu Sigþórsdóttur, Iðunni Birnu Þórisdóttur, Alex Bergmann Einarsson og foreldra þeirra.

**Þórarinn Þórarinsson, Fréttablaðinu,** fyrir viðtal við Hrafn Jökulsson þúsundþjalasmið.

## Umfjöllun ársins 2022

**Þorsteinn J. Vilhjálmsson, Rás 1 RÚV,** fyrir útvarpsþáttaröð á Rás 1 um kennarann og útvarpsmanninn Skeggja Ásbjarnarson og ofbeldi hans gegn börnum í Laugarnesskóla.

**Hólmfríður Gísladóttir, Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir og Samúel Karl Ólason, fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar,** fyrir Úkraínuvaktina sem var virk nánast alla daga, frá morgni til kvölds, frá 24. febrúar og út júnímánuð.

**Ingólfur Bjarni Sigfússon, RÚV,** fyrir vandaða sjónvarpsumfjöllun um flóttafólk frá Sýrlandi sem settist að á Íslandi.

## Rannsóknarblaðamennska ársins 2022

**Helgi Seljan, Stundinni,** fyrir fréttaskýringar um Alexander Moshensky, kjörræðismann Íslands í Belarús (Hvíta-Rússlandi).

**Guðný Halldórsdóttir og Ingvar Haraldsson, Viðskiptablaðinu,** fyrir fréttaskýringar um styrktarsjóð og fjármál Sonju de Zorilla.

**Tryggvi Aðalbjörnsson, RÚV,** fyrir umfjöllun um öryggismál ferjunnar Baldurs.

## Blaðamannaverðlaun ársins 2022

**Sunna Valgerðardóttir, RÚV/ fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar,** fyrir fréttaskýringar á miðlum Sýnar og RÚV. Í Kompási varpaði Sunna nýju ljósi á trúarofbeldi innan sértrúarsöfnuða sem og ýmissa hópa sem fást við andleg málefni, og afleiðingar þess.

**Bogi Ágústsson, RÚV,** fyrir vandaða og yfirgripsmikla umfjöllun af erlendum vettvangi sem kristallast í Heimsglugganum, fréttaskýringum hans á Morgunvakt Rásar 1.

**Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, Stöð 2,** fyrir þættina Leitin að upprunanum sem sýndir voru á Stöð 2.

# ÞARF LANDSBYGGÐIN EKKI FRÉTTIR?

## Staða héraðsfréttamiðlanna og frétta-eyðimerkur



**Gunnar Gunnarsson**
ritstjóri Austurgluggans/Austurfréttar skrifar

Fjölmiðlar eru mikilvægir fyrir lýðræðisvitund, skrásetningu líðandi stundar, upplýsingamiðlun og samheldni innan samfélaga, miðlun menningar og tungumáls. Héraðsmiðlar gegna sérstöku hlutverki innan flóru fjölmiðlanna en þeir berjast við að halda sér gangandi og hefur fækkað á undanförnum árum hér eins og víða annars staðar.

Í Bandaríkjunum er talað um fréttaeyðimerkur, á Norðurlöndunum hvíta bletti, það eru svæði sem enginn fjölmiðill er starfandi á. Þar hnignar lýðræðisþátttöku, spilling eykst, samfélagssamheldni dvínar. Á Íslandi eru starfandi fjölmiðlar með fjölskipaðri ritstjórn launafólks, að við best vitum, á Austurlandi, Suðurnesjum, Vesturlandi, Eyjafirði/Akureyri/Þingeyjarsýslum og í Vestmannaeyjum.

Víðar eru starfandi einmenningsmiðlar, oftast af fólki sem er að þessu í áhugamennsku. Þótt það sinni störfum sínum oft vel þá er munur á því og fagblaðamönnum. Í einhverjum tilfellum búa þeir sem skrifa miðlana ekki á svæðinu. Þarna er mikið um tilkynningar, lítið um unnið efni.

Við getum fyllilega talað um Norðausturhornið og stóran hluta Suðurlands sem fréttaeyðimerkur. Svæði með einmenningsmiðlum falla í okkar huga einnig undir það hugtak.

Svæðisdekkun landsmiðlanna hefur farið dvínandi. Morgunblaðið skar af fréttaritara í fullu starfi í hruninu. RÚV lagði niður svæðisstöðvarnar. Einn fréttamaður dekkar svæðið frá Vopnafirði til Hornafjarðar í dag, annar Vesturland og Vestfirði. Enginn er á Suðurlandi.

Utanaðkomandi aðstæður eru héraðsfréttamiðlum erfiðar. Prentun hefur hækkað snarpt því pappírinn varð dýrari í Covid og Úkraínustríðinu. Önnur tveggja prentsmiðja sem prentaði á dagblaðapappír var bútuð í sundur og send burt í ferðatöskum. Samkeppniseftirlitið er núna að spyrjast fyrir um þann gjörning.

Póstþjónustan er í limbói. Frídreifing hættir endanlega um áramótin en breytingar þannig að dreift er annan hvern virkan dag gerðu okkur erfitt fyrir. Það er miður að prenta blað á miðvikudegi vitandi að 1/3 áskrifenda fær það ekki fyrr en á mánudegi.

Erfitt er að sannfæra lesendur um áskriftir að prentmiðlum þegar hægt er að fá mikið af fréttum frítt á netinu. Auglýsingum fækkar með færri lesendum og samkeppni alþjóðamiðla sem borga í besta falli takmarkaða skatta og skyldur hérlendis.

Héraðsfréttamiðlarnir eru almennt veikburða. Gera ekki mikið annað en borga prentun, dreifingu og laun. Hvorki fjármagn né í raun tími fyrir þróunina sem þyrfti að fara fram til að halda í við breyttan veruleika. Áður fyrr hittust fulltrúar miðlanna reglulega, fengu þá sérfræðinga með fyrirlestra, endurmenntun. Það er nokkurn veginn dottið upp fyrir, þótt Háskólinn á Akureyri hafi þó haldið tvær ráðstefnur síðustu fimm ár.

Lítil nýliðun í stéttinni. Menn sem voru hættir jafnvel dregnir á flot aftur. Lykilmenn komnir á efri ár, hvað gerist þegar þeir hætta? Lítil fjölbreytni, vantar konur, vinnuálagið ekki vænlegt fyrir ungt fólk.

Héraðsmiðlarnir verða oft útundan þegar rætt er um fjölmiðlun á Íslandi. Hún er slagur þeirra stóru, Morgunblaðið vs. RÚV vs. Heimildin vs. Vísir. Ekki spurt um héraðsfréttamiðla í könnun Fjölmiðlanefndar um traust, horft framhjá þeim í bókinni Þjáningarfrelsið, nefnd um stöðu fjölmiðla hugaði takmarkað að þeim.

### Hvað þarf til?

Fjölmiðlastyrkirnir síðustu ár hafa átt stóran þátt í að halda héraðsfréttamiðlum á floti. Án þeirra væru sennilega fleiri miðlar horfnir. Engu að síður vantar meiri fyrirsjáanleika, ekki bara að styrkirnir séu til heldur þarf að liggja fyrir hvaða upphæðar megi

vænta. Fleira þarf að koma til. Flestir fjölmiðlar í Evrópu eru komnir í áskriftir. Skessuhorn var fyrst íslenskra héraðsfréttamiðla til að skipta yfir í áskriftarform en gera má ráð fyrir að fleiri fylgi í kjölfarið. Það að skipta yfir í áskriftarform er aðgerð sem þarf að standa vandlega að og tæknilegar breytingar geta verið dýrar. Auka þyrfti stuðning við þessar breytingar og aðstoða við nýsköpun og það að þróa nýja leiðir í miðlun.

Annað sem hefur margoft verið nefnt er að rétta þarf samkeppnisstöðu í auglýsingum, bæði með því að skattleggja erlenda tæknirisa á borð við Facebook og Google, en einnig er brýnt að hið opinbera móti sér stefnu um kaup á auglýsingum og beini þeim í ritstýrða miðla. Kaup ríkisins á áskriftum fjölmiðla þarf einnig að skoða. Myndu ríkisstofnanir kaupa áskriftir að staðarmiðlum eða kaupa þær bara Morgunblaðið?

Bæði í Svíþjóð og Danmörku eru að koma ný lög um stuðning við fjölmiðla. Breytingarnar felast í auknum áherslum á stuðning við staðarmiðla og vandaða blaðamennsku. Áður en sambærileg endurskoðun fer fram hér á landi er þörf á að fara í greiningu á stöðu héraðsfréttamiðla. Með því væri bæði vakin athygli á þeim og mikilvægi þeirra, en einnig veittur stuðningur við að sjá tækifæri og vonandi að grípa þau.

### Gróft yfirlit yfir starfandi héraðsfréttamiðla

**BB.is** – vefmiðill, er með einn ritstjóra, búsettan á höfuðborgarsvæðinu; voru áður með ritstjórn

**Fjarðarfréttir í Hafnarfirði** – vefmiðill og prentútgáfa, einn maður

**Eyjafréttir** – blað og vefur, 1,25 stöðugildi+verktakar; voru með 2-3 blaðamenn 100% áður

**640.is** – eins manns vefur

**Akureyri.net** – rúmlega eins manns vefur

**Eyjar.net** – eins manns vefur, er í annarri vinnu

**Dagskráin á Suðurlandi** – fríblað og vefur, skráð með ritstjóra og blaðamann, mikið tilkynningar og auglýsingar

**Borgarblöð: Vesturbæjarblaðið, Nesfréttir og Breiðholtsblaðið** – fríblöð, með ritstjóra og blaðamann

**Jökull** – í Snæfellsbæ og Grundarfirði; fríblað með einn starfsmann

**Úr vör** – vefrit um menningu og nýsköpun á landsbyggðinni, samstarf við Heimildina, ritstjóri í Reykjavík

**Víkurfréttir** – fríblað, vefur og sjónvarp með fjóra starfsmenn í fullu starfi á ritstjórn

**Austurglugginn/Austurfrétt** – blað í áskrift og opinn vefur, tveir 100% blaðamenn

**Sunnlenska.is** – vefur með ritstjórn með önnur aðalstörf

**Grafarholtsblaðið** – mánaðarlegt fríblað

**Skessuhorn** – vef og blað í áskrift, fjögurra manna ritstjórn og lausapennar

**Skagafréttir** – eins manns vefur, sá sinnir öðrum aðalstörfum

**Húnahornið** – vefur, ritstjórar á höfuðborgarsvæðinu, fréttaritarar á Blönduósi, sinnt með annarri vinnu

**Mosfellingur** – fríblað og vefur, ritstjóri með ritstjórn að baki sér

**Sudurnes.net** – vefur, mest með tilkynningum

**Tígull í Vestmannaeyjum** – vefur og blað, mest með tilkynningum, takmörkuð ritstjórn

**Kópavogs- og Garðabæjarpósturinn** – fríblað og vefur, með ritstjóra

**Kópavogsblaðið** – stopul útgáfa á prenti og vef

**Kaffið** – fréttavefur á Norðurlandi, nokkurn vegin daglegar uppfærslur, gjarnan tilkynningar

**Trölli** – útvarp og vefur um Fjallabyggð, nokkuð tíðar uppfærslur, einhver ritstjórn

**Tunnan í Fjallabyggð** – auglýsingablað

**Eystrahorn** – blað og vefur, mest tilkynningar, takmörkuð en þó einhver ritstjórn. Auglýst eftir nýjum umsjónarmönnum um áramót; tíð skipti síðustu ár

**Norðurslóð** – mánaðarleg útgáfa í Dalvíkurbyggð

**Vikublaðið** – vikulegt áskriftarblað og vefur sem dekkar Eyjafjörð og Þingeyja sýslur, með fleiri en einn í ritstjórn

**Feykir** – vikulegt áskriftarblað og vefur sem dekkar Skagafjörð og Húnavatnssýslur, með fjóra í ritstjórn

**Hedinsfjordur og dal.is** - frettavefir reglulega uppfærðir, mest með tilkynningum, af áhugamanni

### Miðlar sem hafa horfið eða skorið verulega niður

**Skrautás** sem var með blöð í Grafarholti, Árbæ og Grafarvogi virðist hafa horfið á þessu ári

**Strandir.is** hafa lokað

**Suðurglugginn** hvarf fyrir um tíu árum

**Sunnlenska fréttablaðið**, vikuleg prentútgáfa hvarf.

**Prentútgáfa BB á Ísafirði** horfin, veruleg fækkun starfsfólks

Niðurskurður á ritstjórn **Eyjafrétta**

**Skarpur** ekki lengur til sem sjálfstæður miðill, hlutastarf innan Vikublaðsins

**Eystrahorn** orðið nærri hreinræktað auglýsingablað

**Sjónvarpsstöðin N4** hætti í byrjun árs

# TELJA ÁGENG VINNUBRÖGÐ OFT VERA RÉTTLÆTANLEG

## Viðhorf íslenskra blaðamanna til umdeildra vinnubragða við upplýsingaöflun rannsökuð



**Auðunn Arnórsson**
sjálfstætt starfandi fræðimaður
tók saman

**Fræðimennirnir Friðrik Þór Guðmundsson og Valgerður Anna Jóhannsdóttir hafa unnið rannsókn um viðhorf íslenskra blaðamanna til umdeilanlegra vinnubragða við upplýsingaöflun, m.ö.o. til vinnubragða sem kunna að þykja siðferðilega vafasöm, og birtu um rannsóknina ítarlega grein í Íslenska þjóðfélaginu fyrr á árinu. Þau byggja rannsóknina að stórum hluta á könnunum Worlds of Journalism-rannsóknarinnar, sem framkvæmdar voru meðal starfandi blaðamanna á Íslandi árin 2012 og aftur árið 2021. Hér er samantekt á niðurstöðum rannsóknarinnar.**

Þegar gögn úr WoJ-rannsókninni eru skoðuð kemur í ljós að yfirgnæfandi meirihluti íslenskra blaða- og fréttamanna telur réttlætanlegt, undir ákveðnum kringumstæðum, að nota aðferðir við upplýsingaöflun sem segja má að feli í sér einhvers konar blekkingu. Eins og sjá má í töflu 1 virðast það almennt viðurkennd vinnubrögð að nota falin upptökutæki, þegar um er að ræða mikilvæga frétt. Átta af hverjum tíu telja það stundum eða alltaf réttlætanlegt og hefur afstaða blaða- og fréttamanna til þess lítið breyst frá 2012 og munurinn ekki tölfræðilega marktækur. Að villa á sér heimildir er ekki jafn samþykkt, en viðhorf blaða- og fréttamanna hvað það varðar hafa hins vegar breyst og breytingin tölfræðilega marktæk. Nú telja nærri 60 prósent það stundum eða alltaf réttlætanlegt en var rúmur þriðjungur árið 2012. Þeim sem telja það aldrei réttlætanlegt hefur að sama skapi fækkað úr 63 prósentum í 41 prósent.

**Tafla 1: Hlutfall þeirra sem telja réttlætanlegt að nota falin upptökutæki**

| | Að nota falda hljóðnema eða faldar myndavélar | | Að villa á sér heimildir | |
|---|---|---|---|---|
| Ár | 2012 | 2021 | 2012 | 2021 |
| Alltaf % | 3 | 1 | 0 | 1 |
| Stundum % | 75 | 79 | 37 | 58 |
| Aldrei % | 22 | 20 | 64 | 41 |
| n | 172 | 241 | 172 | 241 |

Fjölmörg dæmi eru um að fjölmiðlar um allan heim hafi notað gögn af ýmsu tagi án þess að eigendur eða höfundar gagnanna hafi gefið leyfi til þess. Það er oft umdeilt og hefur leitt til dómsmála. Niðurstöður sýna að afstaða blaða- og fréttamanna ræðst að hluta af því um hvers konar gögn er að ræða. Mikill meirihluti leggur blessun sína yfir að nota trúnaðarskjöl úr viðskiptalífinu eða stjórnsýslunni í heimildarleysi. Sú afstaða hefur ekki breyst undanfarinn áratug. Í könnununum 2012 og 2021 telja vel yfir 80% svarenda það alltaf eða stundum réttlætanlegt.

### Dómstólar og siðanefnd BÍ hafa lagt línur

Almennt hafa dómstólar vestrænna ríkja veitt fjölmiðlum rúma heimild til umfjöllunar um einkamál manna, ekki síst opinberra persóna. Í íslenskum lögum er ekki beinlínis að finna viðurkenningu á rýmkuðu tjáningarfrelsi fjölmiðla, en þess sér hins vegar oft stað í dómaframkvæmd.

Siðareglur blaða- og fréttamanna almennt eru misítarlegar og afar misjafnt að hvaða marki er sérstaklega fjallað um umdeild vinnubrögð, eins og þau eru skilgreind hér. Í siðareglum Alþjóðasambands blaðamanna er kveðið á um að blaða- og fréttamenn

eigi aðeins að nota sanngjarnar aðferðir og forðast að nota falinn upptökubúnað, nema í þeim tilfellum þar sem ógerningur er að afla upplýsinga, sem séu gríðarlega mikilvægar fyrir almannaheill, með öðrum leiðum. Blaða- og fréttamenn mega ekki nýta sér tjáningarfrelsið í þágu óskyldra hagsmuna og skulu forðast að taka við óeðlilegum ávinningi eða hagnast persónulega fyrir að dreifa eða dreifa ekki tilteknum upplýsingum.

Siðareglum Blaðamannafélags Íslands var breytt á aðalfundi í mars 2023, en fyrri reglur höfðu gilt frá 1991. Í báðum tilfellum eru reglurnar stuttar og almennt orðaðar og ekki tekið með beinum hætti á umdeildum vinnubrögðum. Í þeim eldri sagði í 3. grein að blaðamenn skuli vanda upplýsingaöflun, úrvinnslu og framsetningu eins og hægt er. Sá andi heldur sér í nýju siðareglunum og hnykkt á því að frumskylda blaðamanna sé gagnvart almenningi (inngangur); að blaðamenn veiti nauðsynlegt aðhald í lýðræðisþjóðfélagi (1. grein) að allar upplýsingar sem varða almannahagsmuni eigi að vera aðgengilegar og að blaðamenn eigi fullan rétt á að afla þeirra (4. grein).

Athygli vekur að þess eru nokkur dæmi að fjölmiðlaumfjöllun, sem er afrakstur vinnubragða af því tagi sem hér um ræðir, hafi hlotið Blaðamannaverðlaun BÍ, en með því hefur valnefnd verðlaunanna vitaskuld líka lagt línuna um tilfelli þar sem réttlætanlegt er að blaðamenn beiti slíkum aðferðum við öflun upplýsinga, í nafni almannahags.

## Stuðningur hefur aukist frá 2012

Samantekið benda niðurstöður til þess að vinnubrögð sem fela í sér blekkingu og friðhelgisinngrip njóti mikils og víðtæks stuðnings íslenskra blaða- og fréttamanna. Einnig eru vísbendingar um að stuðningur við umdeild vinnubrögð sé meiri nú en þegar það var síðast kannað árið 2012. Átta af hverjum tíu telja að þegar um mikilvæga frétt sé að ræða sé stundum eða alltaf réttlætanlegt að nota falin upptökutæki. Það er svipað hlutfall og í könnuninni 2012, en hins vegar hefur orðið marktæk fjölgun þeirra sem segja stundum eða alltaf réttlætanlegt að villa á sér heimildir. Hlutfallið var 37% (stundum/alltaf réttlætanlegt) árið 2012, en er nú um 60%. Mikill meirihluti telur einnig að réttlætanlegt sé að nota trúnaðarskjöl úr viðskiptalífi eða stjórnsýslu án heimildar, eða hátt í 90%. Hlutfallið er aðeins hærra í könnuninni 2021 en var 2012 (83%).


iStock

Margir blaða- og fréttamenn telja einnig réttlætanlegt að nota einkagögn fólks í heimildarleysi ef frétt er mikilvæg, en gera þurfi skýran greinarmun á valdafólki og venjulegum borgurum. Nærri átta af hverjum tíu telja alltaf eða stundum réttlætanlegt að nota einkagögn valdamikils fólks í heimildarleysi, en innan við helmingur að það sama gildi um einkagögn venjulegra borgara. Athygli vekur einnig að hlutfallslega fleiri telja það réttlætanlegt að borga fyrir trúnaðarupplýsingar nú en áður, en það hefur ekki verið viðtekin venja í íslenskum fjölmiðlum. Helmingur blaða- og fréttamanna telur slíkt í lagi 2021 en rúmur þriðjungur í fyrri könnun. Einhugur virðist ríkja meðal blaða- og fréttamanna um að það sé aldrei réttlætanlegt að þiggja peninga frá heimildarmönnum sínum. Hlutfallslega eru heldur fleiri sem segja 2021 að stundum sé réttlætanlegt að birta óstaðfestar upplýsingar en voru þeirra skoðunar 2012. Möguleg skýring gæti verið sú að hér gæti áhrifa veffréttamennsku þar sem hraðinn er meiri og oftar verið að fylgjast með og greina frá atburðum í rauntíma en alla jafna á prent- og ljósvakamiðlum.

## Í takti við viðhorf í samanburðarríkjum

Óhætt er að segja að þegar að umdeildum vinnubrögðum kemur svipar íslenskum blaða- og fréttamönnum um flest til félaga sinna í öðrum vestrænum lýðræðisríkjum þar sem áhersla er lögð á aðhaldshlutverk fjölmiðla og rannsóknarblaðamennska er í hávegum höfð. Það er ekki umdeilt innan fagsins að þegar um mikilvæga frétt er að ræða geti verið rétt að nota ágengar aðferðir, sem annars gætu talist brot á siðareglum og jafnvel lögum. Erlendir fræðimenn sem hafa rannsakað þetta benda á að þessi vinnubrögð séu fyrst og fremst umdeild meðal valdhafa, þeirra sem verða gjarnan viðfang vinnubragða af ofangreindu tagi. Dómstólar hafa viðurkennt að fjölmiðlar hafi sérstöku hlutverki að gegna og þurfi




iStock

*Fjórir af hverjum fimm íslenskum blaðamönnum telja rétt að birta upplýsingar úr „lekaskjölum" frá opinberum og/eða valdamiklum aðilum.*

rýmra tjáningarfrelsi en aðrir til að rækja þetta hlutverk sitt. Í því hefur meðal annars falist að þeim hefur verið veitt svigrúm til þess að blekkja, nota trúnaðargögn og ganga gegn friðhelgi fólks.

Siðanefnd Blaðamannafélagsins hefur einnig lagt blessun sína yfir slík vinnubrögð og félagið verðlaunað umfjallanir þar sem þeim hefur verið beitt. Nýjar siðareglur BÍ eru, að mati höfunda, ef eitthvað er líklegar til að styðja við þau viðhorf með aukinni áherslu á almannahagsmuni, aðgengi að upplýsingum og aðhaldshlutverkið. Svigrúmið er þó fjarri því fortakslaust og dómstólar og siðanefnd hafa dregið mörkin við það hvort umfjöllunin hafi átt erindi við almenning og ekki verið hægt að afla upplýsinganna með hefðbundnari hætti. Það sést vel til að mynda í dómum Hæstaréttar í málum sem vörðuðu tölvupósta Jónínu Benediktsdóttur.

## Nokkuð ljóst hvar mörkin liggja

Það virðist því nokkuð ljóst hvar mörkin liggja, það er hvort almannahagsmunir, réttur almennings til upplýsinga, vegi þyngra en réttur hlutaðeigandi til friðhelgi, eða gegn því að sæta blekkingum. Dómar og siðanefndarúrskurðir sýna að stundum hefur vel tekist til við að vega og meta gildi upplýsinga fyrir almenning, þar sem umdeildum vinnubrögðum er beitt, en stundum ekki. Rök fyrir blekkingum eða notkun trúnaðar- og einkagagna í fréttum þurfa að vega þyngra en rökin gegn því að beita slíkum aðferðum. Að öðrum kosti geta fjölmiðlar misst trúverðugleika sinn og traust lesenda.

Það felst í því áhætta að blekkja – og að nota skjöl án heimildar, eins og tíðar málshöfðanir sýna. Erlendar rannsóknir hafa bent til þess að stuðningur við slík vinnubrögð sé alla jafna meiri hjá stærri og fjárhagslega sterkari fjölmiðlum sem hafa frekar burði til að takast á við mögulegar afleiðingar. Niðurstöður Friðriks og Valgerðar styðja það, því þær benda til þess að stuðningur við þessu umdeildu aðferðir við að afla upplýsinga sé meiri meðal blaða- og fréttamanna á RÚV, en á einkareknum fjölmiðlum.

# **HLAÐVÖRP, BÆKUR OG KVIKMYNDIR** FYRIR BLAÐAMENN

**HLAÐVÖRP** – öll þau hlaðvörp sem eru nefnd hér er að finna á Spotify og öðrum helstu veitum.

***It's All Journalism*** -Vikulegt hlaðvarp um þróun fjölmiðla og breyttan heim blaðamanna.

***Journalism.co.uk*** - Breskt vikulegt hlaðvarp um ýmsar hliðar fjölmiðla með áherslu á stafræna þróun.

***Reuters Institute for the Study of Journalism*** Aðal-hlaðvarp stofnunarinnar er *Future of Journalism*, sem unnið er upp úr árlegri skýrslu stofnunarinnar um stöðu fjölmiðla og stafræna þróun. Ekki regluleg útgáfa en margt áhugavert og tímalaust í fyrri þáttum, einkum þættir um Digital News Report 2023.

***Frontlines of Journalism*** – hlaðvarp um blaðamennsku framleitt af BBC Radio 4.

***New Books in Journalism*** – hlaðvarp um nýjar blaðamennskubækur (með fókus á Bandaríkin).

Og fyrir þá sem skilja þýsku: ***Zukunftsweisend:*** Journalismus zwischen Innovation und Wandel. Ein Podcast über den Journalismus der Zukunft.

**BÆKUR**
Breska vikuritið *The Economist* mælir með þessum fimm bókum fyrir áhugafólk um blaðamennsku:

- The Journalist and the Murderer. Eftir Janet Malcolm. *Knopf Doubleday*.
- Anyone Here Been Raped and Speaks English? Eftir Edward Behr. Hodder & Stoughton.
- The Great Shark Hunt: Strange Tales from a Strange Time. Eftir Hunter S. Thompson. *Simon & Schuster*.
- Travels with Myself and Another. Eftir Martha Gellhorn. *Penguin*.
- Towards the End of the Morning. Eftir Michael Frayn. *Valancourt Books. Skáldsaga sem gerist á mektarárum blaðaútgáfu á Fleet Street í London.*

## Blaðamannabíómyndir í skammdeginu

Blaðamennska er umfjöllunarefni fjölmargra kvikmynda og eru blaðamenn ýmist viðsjárverðir skúrkar eða riddarar sannleikans. Hér eru nokkur dæmi um myndir sem fjalla um blaðamennsku með einum eða öðrum hætti.

***Citizen Kane (1941)***
Meistaraverk Orson Welles og brautryðjandaverk í kvikmyndatöku og söguþræði. Joseph Cotten fer á kostum sem fjölmiðlamógúllinn Charles Foster Kane. Iðulega á listum yfir bestu myndir allra tíma.

***All the President´s Men (1976)***
Robert Redford og Dustin Hoffman í hlutverkum blaðamannanna Bob Woodward og Carl Bernstein hjá Washington Post sem rannsaka Watergate hneykslið sem síðar leiddi til afsagnar Richard Nixon Bandaríkjaforseta 9. ágúst árið 1974.

***David Frost Interviews Richard Nixon (1977/2008)***
Sir David Frost tók ítarleg viðtöl við Richard Nixon sem sýnd voru í maí árið 1977. Farið ofan í saumana á umdeildum málum í forsetatíð Nixons og sérstaklega Watergate hneykslið. Frank Langella og Michael Sheen leika í myndinni Frost/Nixon frá árinu 2008.

***The Killing Fields (1984)***
Borgarastyrjöldin og hryllingur ógnarstjórnar Rauðu kmerana með augum kambódíska blaðamannsins Dith Pran og hins bandaríska Sydney Schanberg.

***The Post (2018)***
The Post gerist árið 1971 þegar blaðamenn á The Washington Post komust yfir trúnaðargögn sem fengu heitið Pentagon skjölin.

***Official Secrets (2019)***
Sönn saga um breska uppljóstrarann Katharine Gun sem afhjúpaði herferð breskra og bandarískra leyniþjónustumanna sem njósnuðu um erindreka hjá SÞ til að tryggja stuðning við innrásina í Írak árið 2003.

***The French Dispatch (2021)***
Ekki sannsöguleg en hefur verið nefnd ástaróður til blaðamennskunnar. Árið 1975 deyr ritstjóri tímaritsins The French Dispatch. Í samræmi við erfðaskrá er útgáfunni hætt strax en fyrst gefið út lokaeintak.

# BREYTTAR SIÐAREGLUR:
# ÞAÐ SEM HÉLST, KOM INN OG FÓR ÚT



**Friðrik Þór Guðmundsson**
sjálfstætt starfandi fræðimaður skrifar

**Nýjar siðareglur BÍ voru samþykktar á aðalfundi félagsins í mars síðastliðnum, en hinar eldri höfðu gilt í 32 ár. Á Þjóðarspegli HÍ í nóvember fluttu Birgir Guðmundsson og greinarhöfundur sameiginlegt erindi um hinar nýju siðareglur og líkleg áhrif breytinganna.**

Smíði nýrra siðareglna var á höndum opins vinnuhóps, sem ekki síst hafði til hliðsjónar niðurstöður könnunar *Worlds of Journalism*-rannsóknarinnar árið 2021 meðal starfandi blaða- og fréttamanna, sem þóttu sýna fram á vilja meirihluta blaðamanna til að einfalda og skýra reglurnar. Við kynningu sagði stjórn BÍ að þessar niðurstöður hafi verið *„leiðarljós vinnuhópsins en einnig var markmiðið að undirstrika mikilvægi þeirra fyrir stéttina og samfélagið allt því eins og segir í inngangi er öflug og vönduð blaðamennska forsenda lýðræðis.“*

## Áfram stuttar og almennar reglur

Almennt er siðareglum starfsstétta ætlað að standa vörð um eiginleg siðferðisleg gildi, svo sem sannleika, frelsi, réttlæti og heiðarleika. Í siðareglum er annars vegar lögð áhersla á faglegar skyldur, sem vísa til gagnsemi stéttarinnar í þjóðfélaginu, og svo eru í slíkum reglum hæfisskyldur, t.d. skylda til símenntunar og tiltekinnar tæknilegrar færni.

Breyttar siðareglur BÍ nú koma í kjölfar áralangrar umræðu um innihald reglnanna, en ágreiningur kom hingað til í veg fyrir afgreiðslu. Ágreiningur snerist efnislega einkum um tillitssemisregluna svonefndu og ákvæði um samfélagslega ábyrgð blaðamanna.

Áður en vikið er að breyttu innihaldi siðareglanna er rétt að nefna að BÍ-félagar breyttu í engu þeirri stefnumótun að siðareglurnar skyldu vera almennar og stuttar. Samanburður við siðareglur blaðamanna í yfir 50 löndum sýnir að þær íslensku eru að umfangi hinar næststystu í hinum vestræna heimi, bæði fyrir og eftir breytinguna – aðeins siðareglur blaðamanna Georgíu eru styttri. Þannig hélst fyrri „lína“, sem felur í sér að Siðanefnd BÍ er gefið mikið svigrúm til túlkunar og að taka tillit til breytts tíðaranda.

## Áhrifin: Beðið fordæma Siðanefndar

Myndir 1-3 sýna efnisatriði sem í fyrsta lagi hafa haldið sér, í öðru lagi hafa verið felld út og í þriðja lagi eru ný. Mörg efnisatriði hafa haldist inni og ástæðulaust að fjölyrða um það. Meðal þess sem fallið hefur út er tillitsemisreglan (að valda ekki óþarfa sársauka, seinni málsgrein gömlu 3. greinarinnar), ákvæði um persónulega ábyrgð, ákvæði um stéttasamstöðu (gamla 1. greinin), ákvæði um nafnbirtingar og ákvæði um að hver maður skuli teljast saklaus uns sekt er sönnuð. Meðal nýmæla í siðareglunum eru ákvæði um sanngirni, áreiðanleika og heiðar-

**Siðareglubreyting: Efnisatriði sem héldust áfram**

| | 2023 | 1991 |
|---|---|---|
| **Fagmennska og vandvirkni**<br>Professional accuracy, verify | Öflug og vönduð blaðamennska, fagleg vinnubrögð, ekki órökstuddar ásakanir | Vandar upplýsingaöflun sína |
| **Almannahagsmunir og upplýsingaréttur**<br>Public intrest, Information rights | Frumskylda gagnvart almenningi, réttur almennings til upplýsinga, allar upplýsingar séu aðgengilegar | Réttur almennings til upplýsinga, gæta hagsmuna lesenda |
| **Tjáningarfrelsi**<br>Freedom of speech | Stendur vörð um tjáningarfrelsið, ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna | Tjáningarfrelsi og gagnrýni, tjáningarfrelsi blaðamanna |
| **Trúnaður**<br>Respect Sources, Honour | Trúnaður við heimildarmenn | Trúnaður við heimildarmenn |
| **Þrýstingur/hótanir**<br>Pressure, Threat(s) | Hvorki hótanir né þvinganir | Hafi í hótunum (hér ekki þvinganir) |
| **Gjafir, mútur**<br>Gifts, Brib/-ery | Ekki gjafir, mútur eða fyrirgreiðsla | Þiggi blaðamaður mútur |
| **„Kínamúr“**<br>Editorial (condent), advert | Rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni og auglýsingum | Rugli ekki saman ritsjórnarlegu efni og auglýsingum |
| **Hagsmunaárekstur**<br>Conflict(s) of intrest(s) | Forðast hagsmunaárekstra | Í hagsmunaágreiningi |

leika, um sannleikann, um hlutlægni, um leiðréttingar og andsvararétt, um ritstuld og aðhaldshlutverk fjölmiðla.

| FARIÐ ÚT 2023 en var fyrir hendi frá 1991 | |
|---|---|
| **Tillitssemi, fórnarlömb**<br>Consideration, Victim(s) ofl. | Sýnir fyllstu **tillitssemi,** saklausum/um **sárt að binda,** valda ekki **óþarfa sársauka** |
| **Nafn**(mynd)**birting**<br>Identify ofl. | ... almannaheill krefst **nafnbirtingar** |
| **Sekt/sakleysi**<br>Innocence/-ent | Saklaus þar til **sekt er sönnuð** |
| **Ábyrgð**<br>Responsibility | **Persónuleg ábyrgð** á skrifum |
| **Gagnrýni**<br>Criticisim/critical | (Réttur til) **gagnrýni** |
| **Sannfæring**<br>Conviction(s) | Hefur **sannfæringu** sína að leiðarljósi |
| **Stéttarvitund**<br>Solidarity | **Álit almennings á starfi** og drengskapur við kollega |

Nú háttar svo til að engir úrskurðir hafa fallið um brot eða ekki-brot hjá Siðanefnd og engin túlkunarfordæmi liggja því fyrir. Því er enn með öllu óljóst hvernig hugtök eins og sanngirni og heiðarleiki verða túlkuð. Það er enda ein helsta niðurstaða okkar Birgis

| NÝTT 2023 | |
|---|---|
| **Sannleikur, staðreyndir, afbökun, ósannindi**<br>Facts, truth, untrue/disort | **Sannleikann** ekki fram órökstuddar **ásakanir** (lygar), **hagræðir** ekki staðreyndum |
| **Hlutdrægni**<br>Objective/Biased | Umfjöllunin sé **hlutlæg,** persónulegar skoðanir... ekki áhrif á **hlutdrægni** |
| **Sanngirni**<br>Fair/-ness | ... **sanngjarnan** hátt |
| **Heiðarleiki**<br>Honest(y) | ... **heiðarlegan** hátt |
| **Áreiðanleiki**<br>Credability | ... **áreiðanleika** upplýsinga, ... stofna **trúverðugleika** í hættu |
| **Sjálfstæði**<br>Independance | Stofna **sjálfstæði** hans ... í hættu |
| **Aðhalds- og lýðræðishlutverk**<br>Democratic/-cy, hold to account | **Í lýðræðis**þjóðfélagi, **nauðsynlegt aðhald** |
| **Skoðanir, fagmennska**<br>Opinion(s) | Greinarmun á **staðreyndum og skoðunum** |
| **Leiðréttingar**<br>Correct | **Leiðréttir** rangfærslur |
| **Ásakanir**<br>Accuse | **Hagræðir** ekki staðreyndum, ekki fram **órökstuddar ásaknir** |
| **Andsvararéttur**<br>Reply/respond | Leita **andstæðra sjónarmiða** |
| **Ritstuldur**<br>Plagiarism/-ize | Ekki sekur um **ritstuld** |

að hlutverk Siðanefndar muni aukast til muna, a.m.k. til skamms tíma, þ.e. valdið til að túlka hin ýmsu nýju ákvæði. Siðanefndar bíður með öðrum orðum að túlka hugtök eins og „sanngirni“ og „heiðarleiki“ og jafnvel „hlutlægni“, sem gætu komið í stað horfinna matskenndra hugtaka eins og „tillitssemi“ – eða ekki.

## Breytingarnar mátaðar við eldri úrskurði

Í erindinu voru rakin fjögur dæmi af brota-úrskurðum sl. 15 ár, þar sem reyndi á gömlu tillitsemisregluna og efni þeirra mála skoðuð í ljósi nýju siðareglanna. Þessi dæmi lýsa ágætlega þeirri óvissu sem telja verður að ríki um áhrif nýju siðareglanna:

*Dæmi 1:* Árið 2007 var dagblað talið brotlegt við tillitssemi: „Vægðarlaus umfjöllun um deilumál tengd skilnaði kæranda og fyrrverandi eiginkonu hans, er ekki verður felld undir annað en persónulegan harmleik, og ekki síst umfjöllun um alvarleg andleg veikindi konunnar og sjálfsvígstilraunir hennar, eiga ekkert erindi í fjölmiðla“. Ekki verður séð að hinar breyttu siðareglur taki á slíkri framsetningu og vinnubrögðum, nema Siðanefnd felli þetta undir núverandi 2. gr. um heiðarlega og sanngjarna framsetningu.

*Dæmi 2:* Árið 2019 fjallaði dagblað um nafngreindan brottrekinn forstjóra Félagsbústaða. Vísan í tillitssemisákvæðið byggði á því að um alvarlegar ásakanir væri að ræða og andsvararéttur hunsaður bæði fyrir og eftir birtingu. Samkvæmt nýjum siðareglum er önnur niðurstaða líkleg hvað „óþarfa sársauka“ eða vanvirðu varðar, nema Siðanefnd felli það undir heiðarlega og sanngjarna framsetningu og að setja ekki fram órökstuddar ásakanir. en líklegt að niðurstaðan yrði samt brot miðað við ákvæði um andsvararétt.

*Dæmi 3:* Árið 2019 fjallaði dagblað um nafngreindan fanga sem var að klára afplánun á Vernd. Siðanefnd taldi augljóst að tilgreining á lögheimili móður fangans væru ekki eðlilegar upplýsingar, né heldur frásögn af fötlun bróður hans og sjálfsvíg föður hans – ekkert réttlætti þá umfjöllun. Ekki verður séð að hinar breyttu siðareglur taki á slíkri framsetningu og vinnubrögðum, nema Siðanefnd felli þetta undir ákvæði um heiðarlega og sanngjarna framsetningu. Ef ekki, þá hefði þessi hluti umfjöllunarinnar ekki talist brot.

*Dæmi 4:* Árið 2020 fjallaði netfréttamiðill um nafngreinda og myndbirta fótboltakonu sem hafði greinst með Covid. Siðanefnd taldi viðkomandi ekki „opinbera persónu“, en skilja má niðurstöðuna svo að það hafi verið á mörkunum. Hér var tillitsemis-

ákvæðið talið brotið með nafn- og myndbirtingunni. Ekki verður séð að hinar breyttu siðareglur taki á slíkri framsetningu og vinnubrögðum, nema Siðanefnd felli þetta undir heiðarlega og sanngjarna framsetningu. Ef ekki, þá hefði þessi hluti umfjöllunarinnar ekki talist brot.

# ÚRSKURÐIR SIÐANEFNDAR BÍ Á ÁRINU 2023



Siðanefnd BÍ bárust einungis tvær kærur á árinu 2023. Úrskurður nr. 11/2022-2023 var síðasti úrskurðurinn sem siðanefnd felldi sem byggðist á siðareglum félagsins sem haldist höfðu óbreyttar síðan árið 1991. Úrskurður nr. 1/2023-2024, sem felldur var 21. september 2023, var fyrstu úrskurðurinn eftir gildistöku nýrra siðareglna, en eins og kunnugt er voru nýjar siðareglur samþykktar á aðalfundi BÍ í mars síðastliðnum. Þar sem niðurstaðan í þessu máli var sú að vísa því frá reyndi ekki á túlkun nýju siðareglnanna.

**Úrskurður nr. 11/2022-2023**
Kærandi: Bragi Guðbrandsson.
Kærð: RÚV og Kristín Sigurðardóttir fréttamaður.
Vegna: Frétt í fréttatíma Sjónvarps 15. september 2022 um skýrslu GEV um meint ofbeldi á meðferðarheimilinu Varpholti/Laugalandi.
Ákvörðun: Ekki brot.
**Sjá nánar á Siðavef BÍ: https://www.press.is/is/faglegt/sidavefur/urskurdir-sidanefndar/mal-nr-112022-2023.**

**Úrskurður nr. 1/2023-2024**
Kærandi: Emilía Sara Ólafsdóttir Kaaber og Erna Guðrún Kaaber.
Kærð: DV, Guðrún Gyða Eyþórsdóttir og Ágúst Borgþór Sverrisson.
Vegna: Umfjöllun og viðtal DV við Valgeir Reynisson vegna deilu hans við Barnavernd Reykjavíkur.
Ákvörðun: Vísað frá.
**Sjá nánar á Siðavef BÍ: https://www.press.is/is/faglegt/sidavefur/urskurdir-sidanefndar/urskurdur-nr-12023-2024.**


**Endurmenntunar- og háskólasjóður blaðamanna**

**Námsstyrkir**

Stjórn Endurmenntunar- og háskólasjóðs Blaðamannafélags Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, vegna lengra eða skemmra náms fastráðinna félaga í BÍ.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu BÍ. Hægt er að sækja um á vef félagsins **www.press.is** eða með því að senda tölvupóst á **bi@press.is**

**Námskeið sem koma til greina við úthlutun styrkja eru m.a.:**

- Nám við háskóla á Íslandi
- Annað lengra nám og námskeið hérlendis
- Endurmenntun í erlendum skólum s.s. hjá NJC í Árósum
- Önnur sérstök námskeið erlendis

Styrkir vegna styttri námskeiða hér heima eru greiddir á skrifstofu BÍ.

# Félagaskrá BÍ

| Nr: | Nafn: | Vinnustaður: | Hóf störf: | Hóf aðild síðast: |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Matthías Johannessen | | 1/1/51 | 1/1/51 |
| 2 | Fríða Björnsdóttir | | 21/6/61 | 1/10/62 |
| 3 | Bragi Guðmundsson | | 1/6/62 | 1/6/62 |
| 4 | Björn Vignir Sigurpálsson | | 15/10/64 | 3/12/65 |
| 5 | Magnús Finnsson | | 1/4/65 | 1/4/65 |
| 6 | Steinar Lúðvíksson | | 1/9/65 | 1/9/65 |
| 7 | Kári Jónasson | | 1/1/62 | 1/1/62 |
| 8 | Ingvi Hrafn Jónsson | | 1/1/66 | 1/1/66 |
| 9 | Sigtryggur Sigtryggsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/10/70 | 1/10/71 |
| 10 | Gunnar Valberg Andrésson | | 1/1/67 | 6/4/72 |
| 11 | Jóhannes Reykdal | | 1/8/71 | 29/7/72 |
| 12 | Úlfar Þormóðsson | | 14/7/71 | 24/8/72 |
| 13 | Sigmundur Steinarsson | | 1/5/72 | 1/8/73 |
| 14 | Arnór G. Ragnarsson | | 26/6/74 | 26/6/74 |
| 15 | Árni Jörgensen | | 1/6/73 | 26/6/74 |
| 16 | Árni Þórarinsson | | 1/1/71 | 19/9/74 |
| 17 | María Ólafsdóttir | | 1/10/72 | 14/1/75 |
| 18 | Sveinn Sigurðsson | | 1/1/73 | 1/2/75 |
| 19 | Þórir Þorsteinsson | | 1/1/75 | 20/5/75 |
| 20 | Ágúst Ingi Jónsson | | 1/1/72 | 20/5/75 |
| 21 | Ásgeir Tómasson | RÚV | 1/9/75 | 1/9/75 |
| 22 | Jim Smart | | 1/9/75 | 1/9/75 |
| 23 | Borghildur Anna Jónsdóttir | | 1/1/72 | 1/10/75 |
| 24 | Ómar Andersen Valdimarsson | | 1/1/69 | 1/9/75 |
| 25 | Ragnar Guðni Axelsson | | 15/1/76 | 15/1/76 |
| 26 | Gunnar E. Kvaran | | 1/5/76 | 1/5/76 |
| 27 | Gísli Sigurgeirsson | | 8/6/72 | 1/9/76 |
| 28 | Gróa Ormsdóttir | | 9/6/72 | 9/1/76 |
| 29 | Jónas Haraldsson | | 10/6/72 | 9/4/77 |
| 30 | Ragnar Thor Sigurðsson | | 11/6/72 | 1/6/77 |
| 31 | Kjartan Stefánsson | | 12/6/72 | 9/11/77 |
| 32 | Sigurður H. Hreiðarsson | | 13/6/72 | 1/1/77 |
| 33 | Sævar Guðbjörnsson | | 14/6/72 | 7/11/77 |
| 34 | Álfheiður Ingadóttir | | 15/6/72 | 1/1/79 |
| 35 | Eiríkur Stefán Eiríksson | | 16/6/72 | 26/1/78 |
| 36 | Heiður Helgadóttir | | 17/6/72 | 1/2/78 |
| 37 | Kristinn Hallgrímsson | | 18/6/72 | 1/6/78 |
| 38 | Emilía Björg Björnsdóttir | | 1/9/74 | 2/10/78 |
| 39 | Guðlaugur Bergmundsson | | 1/3/79 | 1/3/79 |
| 40 | Fríða Proppé | | 19/3/79 | 19/3/79 |
| 41 | Þórir Guðmundsson | | 1/5/79 | 1/5/79 |
| 42 | Valgerður Þ. Jónsdóttir | | 1/6/79 | 1/6/79 |
| 43 | Ellert Schram | | 1/1/60 | 1/3/80 |
| 44 | Sveinn Kristján Guðjónsson | | 1/1/73 | 1/5/80 |
| 45 | Anna Ólafsdóttir Björnsson | | 3/5/80 | 3/5/80 |
| 46 | Eiríkur Jónsson | | 1/5/78 | 1/6/80 |
| 47 | Hjörtur Gíslason | | 1/1/76 | 1/6/78 |
| 48 | Kristján Már Unnarsson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/9/80 | 1/8/02 |
| 49 | Agnes Guðrún Bragadóttir | | 4/9/80 | 14/9/80 |
| 50 | Valgerður Katrín Jónsdóttir | | 15/9/81 | 15/9/81 |
| 51 | Jón Viðir Sigurðsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/9/81 | 1/9/81 |
| 52 | Sigmundur Ernir Rúnarsson | SerEs HUGVERKASAMIÐJA | 1/10/81 | 1/10/81 |
| 53 | Lúðvík Geirsson | | 1/3/79 | 1/1/82 |
| 54 | Hjálmar Jónsson | BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS | 18/5/82 | 18/5/82 |
| 55 | Jón Baldvin Halldórsson | | 1/6/82 | 1/6/82 |
| 56 | Skapti Hallgrímsson | AKUREYRI.NET | 1/7/82 | 1/7/82 |
| 57 | Páll Stefánsson | NORDIC TIMES MEDIA | 1/7/82 | 1/7/82 |
| 58 | Magnús Sigurðsson | | 1/10/82 | 1/10/82 |
| 59 | Friðrik Þór Guðmundsson | | 1/7/82 | 1/1/83 |
| 60 | Valþór Hlöðversson | | 1/1/82 | 1/1/83 |
| 61 | Páll Hilmar Ketilsson | | 1/1/83 | 1/1/83 |
| 62 | Árni Sæberg Kristjánsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/2/83 | 1/2/83 |
| 63 | Guðmundur Sveinn Hermannsson | MORGUNBLAÐIÐ | 30/5/83 | 30/5/83 |
| 64 | Helgi Bjarnason | MORGUNBLAÐIÐ | 1/7/82 | 2/6/83 |
| 65 | Óli Örn Andreassen | | 1/1/76 | 1/7/83 |
| 66 | Aðalsteinn Ingólfsson | | 1/9/78 | 1/9/83 |
| 67 | Eygló Stefánsdóttir | | 1/1/77 | 1/4/84 |
| 68 | Sigurður Friðþjófsson | | 1/5/84 | 1/5/84 |
| 69 | Kristín Gunnarsdóttir | | 1/6/84 | 1/6/84 |
| 70 | Anna Hólmfríður Yates | | 1/5/84 | 1/5/84 |
| 71 | Guðmundur Ólafur Ingvarsson | | 1/6/84 | 1/6/84 |
| 72 | Mörður Árnason | | 1/6/84 | 1/6/84 |
| 73 | Ásdís Haraldsdóttir | | 12/6/84 | 12/6/84 |
| 74 | Árni Þórður Jónsson | EIGNAUMSJÓN | 1/6/84 | 1/6/84 |
| 75 | Guðbjörg R. Guðmundsdóttir | GRUND | 1/6/80 | 1/7/84 |
| 76 | Þorsteinn J. Vilhjálmsson | | 8/8/84 | 8/8/84 |
| 77 | Rúnar Ármann Arthúrsson | | 1/1/73 | 1/9/84 |
| 78 | Jóhanna Árný Ingvarsdóttir | | 1/9/84 | 1/9/84 |
| 79 | Valur Benedikt Jónatansson | HÓPBÍLAR | 1/1/85 | 1/1/85 |
| 80 | Gullveig T. Sæmundsdóttir | | 1/1/85 | 1/1/85 |
| 81 | Birgir Guðmundsson | | 15/1/85 | 15/1/85 |
| 82 | Edda Guðrún Andrésdóttir | | 1/3/85 | 1/3/85 |
| 83 | Jón Guðmar Hauksson | | 1/5/82 | 1/2/85 |
| 84 | Guðrún Sigríður Guðlaugsdóttir | | 1/3/84 | 1/4/85 |
| 85 | Skúli Unnar Sveinsson | | 1/6/83 | 1/6/85 |
| 86 | Bragi V. Bergmann | FREMRI ALMANNATENGSL | 1/9/85 | 1/9/85 |

| Nr: | Nafn: | Vinnustaður: | Hóf störf: | Hóf aðild síðast: |
|---|---|---|---|---|
| 87 | Sigurður Már Jónsson | | 17/9/85 | 17/9/85 |
| 88 | Peter Radovan Jan Vosicky | | 1/1/86 | 1/1/86 |
| 89 | Pjetur Sigurðsson | KSÍ | 7/4/86 | 7/4/86 |
| 90 | Ragnhildur Sverrisdóttir | LANDSVIRKJUN | 1/6/86 | 1/6/86 |
| 91 | Steinþór Guðbjartsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/3/84 | 1/1/86 |
| 92 | Ingibjörg Bára Sveinsdóttir | | 1/8/86 | 1/8/86 |
| 93 | Brynjar Gauti Sveinsson | STRAUMKUL | 1/9/86 | 1/9/86 |
| 94 | Sigurveig Jónsdóttir | | 1/10/86 | 1/10/86 |
| 95 | Jón Kristján Sigurðsson | FÍB | 1/12/86 | 1/12/86 |
| 96 | Birna Þórðardóttir | | 1/1/87 | 1/1/87 |
| 97 | Bryndís Kristjánsdóttir | | 1/9/86 | 1/1/87 |
| 98 | Margrét Sverrisdóttir | | 1/1/87 | 1/3/87 |
| 99 | Elín Albertsdóttir | | 1/6/78 | 1/5/87 |
| 100 | Ómar Friðriksson | MORGUNBLAÐIÐ | 20/5/84 | 1/5/87 |
| 101 | Jóhann Ólafur Halldórsson | RITFORM | 1/5/87 | 1/5/87 |
| 102 | Kristín Helga Gunnarsdóttir | UPPSTREYMI | 12/9/87 | 12/9/87 |
| 103 | Geir Ragnar L. Andersen | | 1/10/87 | 1/10/87 |
| 104 | Haukur Holm | RÚV | 28/10/87 | 28/10/87 |
| 105 | Ómar Þ. Ragnarsson | | 1/1/88 | 1/1/88 |
| 106 | Óttar Halldór Sveinsson | | 3/1/88 | 3/1/88 |
| 107 | Heimir Már Pétursson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/4/88 | 16/9/05 |
| 108 | Hallur Þorsteinsson | | 9/5/88 | 9/5/88 |
| 109 | Guðjón Guðmundsson | FISKIFRÉTTIR | 15/5/88 | 15/5/88 |
| 110 | Kristján Jónsson | | 5/6/86 | 25/5/88 |
| 111 | Margrét Þóra Þórsdóttir | | 1/6/83 | 1/6/88 |
| 112 | Þorfinnur Ómarsson | | 1/7/88 | 1/7/88 |
| 113 | Björn Leósson | | 1/7/88 | 1/7/88 |
| 114 | Kristján Sigurjónsson | | 1/8/88 | 1/8/88 |
| 115 | Guðlaug Konráðsdóttir | | 1/9/88 | 1/9/88 |
| 116 | Stefán Ásgrímsson | | 1/9/88 | 1/9/88 |
| 117 | Sigrún Soffía Hafstein | VERKFRÆÐINGAFÉL. ÍSLANDS | 10/10/88 | 10/10/88 |
| 118 | Lúðvík Örn Steinarsson | | 1/8/88 | 1/3/89 |
| 119 | Hilmar Bragi Bárðarson | VÍKURFRÉTTIR | 1/7/89 | 1/7/89 |
| 120 | Ásgeir Friðgeirsson | | 1/8/89 | 1/8/89 |
| 121 | Þorgeir Lawrence | | 1/10/89 | 1/10/89 |
| 122 | Valtýr Björn Valtýsson | | 1/11/89 | 1/11/89 |
| 123 | Guðmundur O. Hilmarsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/11/89 | 1/11/89 |
| 124 | Jón Birgir Pétursson | | 1/6/57 | 15/1/90 |
| 125 | Elín Sveinsdóttir | SerEs HUGVERKASMIÐJA | 1/2/90 | 1/2/90 |
| 126 | Björn Jóhann Björnsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/3/90 | 1/3/90 |
| 127 | Einar Falur Ingólfsson | | 1/6/86 | 1/6/86 |
| 128 | Þórunn Þórsdóttir | | 1/6/90 | 1/6/90 |
| 129 | Þorlákur Helgi Helgason | | 1/8/90 | 1/8/90 |
| 130 | Pétur Steinn Guðmundsson | DELOITTE EHF | 28/8/86 | 23/8/90 |
| 131 | Pétur Þorsteinsson | | 1/11/90 | 1/11/90 |
| 132 | Steingrímur Sævarr Ólafsson | SÆVARR SLF. | 1/5/85 | 1/1/91 |
| 133 | Sigurður Bogi Sævarsson | MORGUNBLAÐIÐ | 2/1/91 | 2/1/91 |
| 134 | Gestur Einar Jónasson | | 1/4/91 | 1/4/91 |
| 135 | Magnús Hjörleifsson | | 10/4/91 | 10/4/91 |

| Nr: | Nafn: | Vinnustaður: | Hóf störf: | Hóf aðild síðast: |
|---|---|---|---|---|
| 136 | Anna Gunnhildur Ólafsdóttir | | 1/6/88 | 1/6/91 |
| 137 | Hildur Helga Sigurðardóttir | | 6/6/80 | 27/7/91 |
| 138 | Telma Lucinda Tómasson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/1/92 | 1/10/98 |
| 139 | Geir Agnar Guðsteinsson | | 1/6/92 | 1/6/92 |
| 140 | Guðni Einarsson | | 1/6/92 | 1/6/92 |
| 141 | Margrét Elísabet Ólafsdóttir | | 1/9/87 | 1/6/92 |
| 142 | Jóna Rúna Kvaran | | 1/1/73 | 15/9/92 |
| 143 | Þorgeir Ástvaldsson | | 15/9/92 | 15/9/92 |
| 144 | Þorvaldur Örn Kristmundsson | BRÚA EHF. | 1/4/93 | 1/4/93 |
| 145 | Bergljót Davíðsdóttir | | 5/3/87 | 1/11/93 |
| 146 | Bragi Þór Jósefsson | | 1/12/93 | 1/12/93 |
| 147 | Orri Páll Ormarsson | MORGUNBLAÐIÐ | 1/6/94 | 1/6/94 |
| 148 | Lárus Karl Ingason | LJÓSMYND ÚTGÁFA | 1/1/87 | 31/5/94 |
| 149 | Reynir Traustason | | 13/6/94 | 13/6/94 |
| 150 | Steingerður Steinarsdóttir | SAMHJÁLP | 1/12/94 | 1/12/94 |
| 151 | Jón Kaldal | FORSÍÐA | 1/5/95 | 1/5/95 |
| 152 | Gunnar Hersveinn Sigursteinsson | | 1/6/95 | 1/6/95 |
| 153 | Karl Blöndal | MORGUNBLAÐIÐ | 1/6/95 | 1/6/95 |
| 154 | Svava Jónsdóttir | | 1/7/95 | 1/7/95 |
| 155 | Guðjón Einarsson | | 15/10/95 | 15/10/95 |
| 156 | Guðjón Guðmundsson | | 1/1/96 | 1/1/96 |
| 157 | Þórður Ingimarsson | | 1/1/80 | 1/2/96 |
| 158 | Kjartan Þorbjörnsson | MD REYKJAVÍK | 1/1/90 | 1/6/96 |
| 159 | Guðrún Hálfdánardóttir | RÚV | 4/6/96 | 4/6/96 |
| 160 | Auðunn Arnórsson | | 1/6/95 | 1/7/96 |
| 161 | Valgerður Anna Jóhannsdóttir | | 20/8/96 | 20/8/96 |
| 162 | Arndís Þorgeirsdóttir | KENNARASAMBAND ÍSLANDS | 1/11/96 | 1/11/96 |
| 163 | Gísli Þorsteinsson | OPIN KERFI | 1/11/96 | 1/11/96 |
| 164 | Ívar Benediktsson | handbolti.is | 1/5/97 | 1/5/97 |
| 165 | Arnar Björnsson | RÚV | 1/5/97 | 1/5/97 |
| 166 | Anton Brink Hansen | FRÉTTABLAÐIÐ | 5/8/97 | 5/8/97 |
| 167 | Styrmir Guðlaugsson | | 1/5/88 | 1/10/97 |
| 168 | Hávar Sigurjónsson | | 1/12/97 | 1/12/97 |
| 169 | Jóhanna Steinunn Snorradóttir | MÍMIR-SÍMENNTUN | 1/3/98 | 1/3/98 |
| 170 | Ragnheiður Linnet | | 15/6/98 | 15/6/98 |
| 171 | Kristinn Garðarsson | ÖRÆFASLÓÐIR | 1/10/88 | 13/7/98 |
| 172 | Magnús Hlynur Hreiðarsson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 15/9/98 | 15/9/98 |
| 173 | Lóa Pind Aldísardóttir | Lóa Production | 15/9/98 | 15/9/98 |
| 174 | Trausti Hafliðason | VIÐSKIPTABLAÐIÐ | 3/2/99 | 3/2/99 |
| 175 | Róbert Marshall | | 1/3/99 | 1/3/99 |
| 176 | Jakob Bjarnar Grétarsson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/9/91 | 1/11/97 |
| 177 | Óskar Ófeigur Jónsson | STÖÐ 2/VÍSIR/BYLGJAN | 1/6/99 | 1/6/99 |
| 178 | Gunnþóra Gunnarsdóttir | | 1/8/90 | 1/6/99 |
| 179 | Þóra Þórarinsdóttir | | 1/6/99 | 1/6/99 |
| 180 | Þórarinn Baldur Þórarinsson | FRÉTTABLAÐIÐ | 1/8/99 | 1/8/99 |
| 181 | Hörður Kristjánsson | | 1/9/99 | 1/9/99 |
| 182 | Garðar Örn Úlfarsson | VIÐSKIPTABLAÐIÐ | 15/9/96 | 15/9/96 |
| 183 | Þröstur Emilsson | HH HÚS | 1/1/00 | 1/1/00 |
| 184 | Tómas Gunnarsson | SECURITAS | 15/1/00 | 15/1/00 |

| Nr: | Nafn: | Vinnustaður: | Hóf störf: | Hóf aðild síðast: |
